

Sérúrræði í námi við Háskóla Íslands

Guðrún Linda Björgvinsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar BA- gráðu í
þroskaþjálfufræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasviði

Apríl 2010.
Lokaverkefni til BA prófs

Sérúrræði í námi við Háskóla Íslands

Guðrún Linda Björgvinsdóttir

Kt. 230477- 3379

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfabraut

Apríl 2010.

Ágrip

Viðfangsefni þessarar ritgerðar, til BA gráðu við Háskóla Íslands, er öflun vitneskju um stuðningsaðgerðir og gagnsemi þeirra fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námserfiðleika við Háskóla Íslands. Horft er til stefnu og markmiða háskólans og þeirra leiða sem farnar eru við framkvæmd þeirra. Í ljósi þess eru reglur Háskóla Íslands gegn mismunun, jafnréttisreglur skólans, reglur um sértæk úrræði í námi og reglur í málefnum fatlaðra skoðaðar sem og þróun þeirra.

Í þessum tilgangi eru einnig tekin eigindleg viðtöl við fimm nemendur skólans sem notast við sérúrræði í námi. Nemendurnir stunduðu allir nám á Menntavísindasviði Háskóla Íslands skólaárin 2008-2010. Námsþarfir þeirra voru mismunandi. Einnig er byggt á viðtölum við starfsmenn skólans sem koma með einum eða öðrum hætti að sérúrræðum nemenda.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu nauðsyn sérúrræða fyrir nemendur.

Þær sýndu einnig að upplýsingaflæði var ábótavant, þar sem nemendur vissu ekki af réttindum sínum og í ljós kom að úrræðin gögnuðust ekki alltaf sem skyldi.

Nemendur komu með tillögur til breytinga á úrræðunum og voru á einu máli um það að þjónustan yrði skilvirkari ef einn starfsmaður, einhvers konar talsmaður, héldi utan um öll þeirra mál. Það yrði hlutverk þessa aðila að upplýsa kennara nemendanna um skerðingu þeirra ef þess væri óskað.

Formáli

Verkefni þetta er lokaverkefni til BA-gráðu á þroskaþjálfabraut Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Það fjallar um rannsókn á þeim sérúrræðum sem Háskóli Íslands veitir fötluðum nemendum og nemendum með sértæka námserfiðleika. Rannsóknin var gerð á meðal nemenda sem stunda nám á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og njóta sérúrræða í námi sínu.

Áhugi minn á sérúrræðum í námi vaknaði á haustdögum 2009, þegar mér gafst það tækifæri að vera mentor í starfstengdu diplómanámi á þroskaþjálfabraut við Háskóla Íslands. Starfstengda diplómanámið er tilraunaverkefni sem hófst árið 2007 á vegum þáverandi Kennaraháskóla Íslands og unnið í samstarfi við Fjölmennt og menntamálaráðuneytið. Námið felst í tveggja ára starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun og byggir á skýrum árangurstengdum markmiðum og kröfum. Námið byggir á þörfum þeirra sem stunda það, með þróun að starfstengdri námsleið á háskólastigi fyrir fólk með hömlun að markmiði (Sameiningarvefur Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, e.d.).

Í kjölfar vettvangsnáms míns langaði mig til þess að skoða með hvaða hætti Háskóli Íslands kæmi til móts við fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námserfiðleika sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda sem og hvernig úrræðin nýttust nemendum.

Leiðbeinandi minn í verkefninu var Vilborg Jóhannsdóttir, lektor í fötlunar- og þroskaþjálfarafræðum við Háskóla Íslands og forstöðumaður þroskaþjálfabrautarinnar við skólann. Færi ég henni mínar bestu þakkir fyrir frábæra leiðsögn, gagnlegar ábendingar og stuðning við vinnslu verkefnisins.

Ég færi einnig þeim nemendum, sem gáfu sér tíma til þess að veita mér viðtal, bestu þakkir sem og starfsmönnum NSHÍ, jafnréttisfulltrúa skólans og talsmanni nemenda á Menntavísindasviði sem voru öll af vilja gerð við að kynna fyrir mér sértæk námsúrræði og svara spurningum mínum er að málefninu sneru.

Einnig þakka ég Helga Bergvinssyni og Guðrúnu Halldóru Guðmundsdóttur fyrir góðar ábendingar, sem og fjölskyldu minni allri fyrir stuðninginn og ómælda þolinmæði.

Reykjavík, 8. apríl 2010.

Guðrún Linda Björgvinsdóttir.

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Markmið	7
1. Hugmyndafræðilegt gildi háskóla fyrir alla	8
1.1. Jafnrétti til náms	8
1.2. Þróun hugmyndafræði í menntamálum	9
1.3. Skóli án aðgreiningar	10
1.4. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun	10
1.5. Skýrsla til fullnustu samnings Sameinuðu þjóðanna	12
2. Háskólanám fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námserfiðleika	14
2.1. Háskóli Íslands	14
2.2. Þróun sérúrræða í Háskóla Íslands	16
2.3. Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra	17
2.4. Ráð um málefni fatlaðra innan Háskóla Íslands	19
2.5. Jafnréttismál Háskóla Íslands	20
2.6. Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun	22
3. Skipulag og framkvæmd stuðningsaðgerða	24
3.1. Náms-og starfsráðgjöf Háskóla Íslands	24
3.2. Nemendafélög	25
3.3. Markhópur og úrræði	26
3.4. Mat starfsmanna	28
3.4.1. Starf námsráðgjafa	28
3.4.2. Kynning úrræða	28
3.4.3. Úrræði á Menntavísindasviði	29
3.4.4. Prófúrræði á Menntavísindasviði	30
3.4.5. Námsúrræði	31
3.4.6. Aðgengissetur Háskóla Íslands	32
3.4.7. Deild ábyrgð sérúrræða	32
3.4.8. Greiningarsjóður stúdenta	33
3.4.9. Talsmaður nemenda á Menntavísindasviði	33
3.4.10. Breytingar á lögum Háskóla Íslands	34
4. Aðferðir og framkvæmd rannsóknar	35
4.1. Rannsóknaraðferð	35
4.2. Eigindleg viðtöl	36

5. Niðurstöður	38
5.1. Upphaf náms	38
5.2. Vitneskja um úrræði	39
5.3. Sérúrræði sem nemendurnir eiga rétt á	40
5.4. Hvernig eru sérúrræðin að nýtast nemendum?	40
5.5. Breytingar sem nemendur vilja sjá	42
5.6. Aðgengi á Menntavísindasviði	43
6. Umræða og samantekt	44
6.1. Samantekt	45
6.2. Tillögur til úrbóta	47
6.3. Lokaorð	48
Heimildaskrá	49
Viðauki	54

Inngangur

Í verkefni þessu er sjónum beint að stöðu fatlaðra nemenda og nemenda með sértæka námsörðugleika við Háskóla Íslands.

Þótt margir líti á menntun sem sjálfsagðan hlut og háskólanám sem sjálfsagt framhald framhaldsskólagöngu, þá er raunin því miður ekki sú. Fötlun nemanda getur t.d verið fyrirstaða nemandans til þess að stunda það nám sem hann vill.

Menntun er afar mikilvæg til þess að einstaklingur sé samkeppnishæfur á vinnumarkaði nútímans. Menntun er forsenda annarra mannréttinda sem og besta forvörnin gegn fordómum.

Með hugtakinu menntun er átt við þá fræðslu sem býðst í íslenska skólakerfinu, samkvæmt lögum um leik-, grunn-, framhalds- og háskóla. Samkvæmt lögum á fatlaður nemandi rétt á skólagöngu á öllum stigum skólans. Menntun er forsenda þess að nemandinn njóti lýðræðislegra réttinda sinna og því er ólöglegt að mismuna fólki á grundvelli fötlunar eða námserfiðleika þess. Í stjórnarskrá Lýðveldis Íslands segir:

Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.
(Stjórnarskrá Lýðveldis Íslands nr. 33, 1944).

Þetta þýðir að borgarar eigi rétt á almennri menntun. Hið opinbera getur því ekki synjað borgurum um þennan rétt til menntunar og fræðslu við sitt hæfi, til dæmis með því að hætta að veita fé til menntamála. Það er því skylda samfélagsins og skólakerfisins að koma með þau úrræði sem þarf til þess að fatlaður einstaklingur geti stundað það nám sem hann vill þrátt fyrir fötlun hans (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

Páll Skúlason, fyrrum rektor Háskóla Íslands, telur (1999) meginviðfangsefni háskóla, samkvæmt skilgreiningu á hlutverki hans, vera öflun og varðveislu þekkingar og miðlun hennar. Hann telur mikilvægt að nemendur séu virkir í háskólastarfinu, ekki aðeins til þess að öðlast þekkingu, heldur einnig sem þátttakendur í þekkingarleit. Hann telur sterk tengsl vera á milli rannsókna og kennslu. Háskólanám snúist um beitingu gagnrýnnar hugsunar og þjálfun hennar. Umhverfið kalli á aukna þekkingu og krafan um fræðileg vinnubrögð sé æ háværi.

Vegna reynslu minnar, sem mentors í starfstengdu diplómanámi, fór ég að velta því fyrir mér hvernig stefna Háskóla Íslands gagnvart fötluðu fólki væri, hvernig stuðningsúrræði skólinn veiti fötluðum nemendum sem og nemendum með sértæka námserfiðleika og hvernig úrræðin skili sér til nemendanna.

Markmið

Markmið þessa verkefnis er tvíþætt. Annars vegar er lögð áhersla á það að greina og varpa ljósi á þær stuðningsaðgerðir sem í boði eru fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námsörðugleika við Háskóla Íslands. Hins vegar að skoða gagnsemi stuðningsaðgerðanna fyrir nemendur.

Undirmarkmið þessa verkefnis felast í svörum við eftirfarandi spurningum:

- Hver eru þau hugmyndafræðilegu gildi er leggja grunn að stefnu um háskóla fyrir alla?
- Hvert er lögboðið hlutverk og ábyrgð Háskóla Íslands gagnvart fötluðum nemendum og nemendum með sértæka námsörðugleika?
- Hvernig fer framkvæmdin fram og hvaða stuðningsaðgerðir eru í boði?
- Hvernig eru stuðningsaðgerðirnar að nýtast nemendum?
- Hvaða úrbætur vilja nemendur sjá?

Hér á eftir mun ég fjalla um þau lög og reglugerðir sem liggja til grundvallar því að fatlað fólk og fólk með sértæka námsörðugleika eigi rétt á námi til jafns við aðra. Fjallað verður um nýja stefnu Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun og þróun hugmyndafræði í menntamálum.

Þá verður fjallað um stefnumörkun Háskóla Íslands, m.a. stefnu skólans í málefnum fatlaðra og þróun sérúrræða, stefnu skólans í jafnréttismálum, stefnu skólans gegn mismunun, ráð um málefni fatlaðra, náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands sem og skipulag og framkvæmd stuðningsúrræða.

Rætt er við nokkra starfsmenn skólans er koma að sérúrræðum nemenda með einum eða öðrum hætti, sem og nemendur á Menntavísindasviði sem hafa nýtt sér sérúrræði í námi.

Rannsókn var gerð á þeim sérúrræðum sem Háskóli Íslands veitir fötluðum nemendum og nemendum með sértæka námserfiðleika.

Markmið rannsóknarinnar er að skoða tvö af undirmarkmiðum verkefnisins og því er spurt:

- Hvernig eru stuðningsaðgerðirnar að nýtast nemendum?
- Hvaða úrbætur vilja nemendur sjá?

Til þess að svara þessum spurningum var eigindlegt viðtal tekið við fimm nemendur á Menntavísindasviði sem búa við fötlun eða eiga við námsörðugleika að stríða. Spurt var um

sýn þeirra á stefnu skólans í málefnum fatlaðra og nemenda með sértæka námserfiðleika, þau úrræði sem í boði eru og þær breytingar sem nemendurnir vilja sjá.

1. Hugmyndafræðilegt gildi háskóla fyrir alla

Í þessum kafla verður fjallað um jafnrétti til náms, skoðað hvernig hugmyndafræðin í menntamálum hefur þróast, sem og hvaða skilgreiningar liggja að baki hugtakinu skóli án aðgreiningar. Fjallað verður um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun og skýrslu samningnum til fullnustu. Þessi samningur Sameinuðu þjóðanna mun hafa margar góðar breytingar í för með sér. Eins og á einnig við um svonefnda Salamancra-yfirlýsingu, þá er grunnhugsun samningsins sú að allir eigi að njóta menntunar við sitt hæfi á öllum skólastigum. Samningurinn leggur grunninn að stefnu um háskóla fyrir alla ásamt fleiri mannréttindalögum.

Þekking samfélagsins á fötlun og sértækum námserfiðleikum hefur aukist mjög á síðari árum. Að baki því er margra ára vinna, blóð, sviti og tár. Fatlaðir einstaklingar, foreldrar og hagsmunaaðilar hafa barist fyrir því að fatlaðir og þroskaskertir fái skólagöngu við sitt hæfi í hverfissskólum, geti farið í framhaldsskóla og jafnvel seinna meir í háskóla. Stefnuyfirlýsingar, lög og reglugerðir er miða að því að tryggja fötluðum réttindi til náms og banna mismunun gagnvart nemendum með fötlun eða sértækra námserfiðleika, hafa þróast í tímann rás. Það má ekki síst þakka stöðugri baráttu fyrrgreindra hópa.

1.1. Jafnrétti til náms

Rétturinn til menntunar tengist borgaralegum og stjórnómálegum réttindum. Í samfélagi okkar er menntunarstig hátt og menntun því mikilvæg hverjum einstaklingi til þess að hann geti keppt um störf á vinnumarkaði.

Menntunarstig fatlaðra er lægra hér á landi en ófatlaðra. Ýmsar ástæður eru fyrir því, t.d að þroskahömlun einstaklings komi í veg fyrir möguleika hans til náms og fötlun komi í veg fyrir ástundun náms á sömu forsendum og aðrir hafa. Þar kemur m.a. til hin hefðbundna læknisfræðilega skilgreining á fötlun sem felur það í sér að einstaklingur þurfi að laga sig að kerfinu og þeirri þjónustu sem í boði er.

Það þarf að skapa ný viðhorf og nýja þjónustu sem gerir fötluðu fólki kleift að stunda nám við sitt hæfi á háskólastigi með því að aðlaga þjónustuna að fólkinu. Það kemur því til kasta samfélagsins og skólakerfisins að koma með þau úrræði sem þarf til þess að

einstaklingurinn geti stundað það nám sem hann vill, þrátt fyrir fötlun sín. (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

Víða eru til samningar, lög og stefnuskrár sem segja til um réttindi fatlaðra. Í núgildandi stefnuskrám (Menntamálaráðuneytið, 1998), lögum (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992) og að ógleymdum mannréttindasáttmálum (Samningur um rétt fólks með fötlun, 3.maí 2008; Menntamálaráðuneytið, 1994; Lög um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62, 19. maí 1994), þá kemur það fram að fatlað fólk eigi að njóta allra almennra mannréttinda til jafns við ófatlaða, þar á meðal menntunar og skólagöngu.

1.2. Þróun hugmyndafræði í menntamálum

Á 18. öld, þegar læknisfræðin fer að ryðja sér til rúms og nýjar uppgötvanir líta dagsins ljós, fara að sjást breytingar til batnaðar hjá fötluðu fólki. Upplýsingastefnan hafði hvað mest áhrif á aukna þekkingu á sjúkdómum eins og flogaveiki og geðröskun og um leið breytt viðhorf til fatlaðra.

Helstu boðberar upplýsingastefnunnar voru breski heimspekingurinn John Lock, franskur heimspekingurinn og rithöfundurinn Jean Jaques Rousseau og franskur rithöfundurinn Denis Diderot. Kenningar þeirra höfðu veruleg áhrif á viðhorf samfélagsins til þeirra sem stóðu höllum fæti, þar á meðal fatlaðra (Margrét Margeirsdóttir, 2001).

Fyrsti skólinn fyrir þroskaskert börn, sem vitað er um, var settur á fót í París árið 1837 af franska læknum og sálfræðingnum Édouard Seguin. Hann lagði mikla áherslu á það að hver og einn fengi viðeigandi greiningu og í kjölfarið einstaklingsmiðaða þjálfun og kennslu (Margrét Margeirsdóttir, 2001).

Tveir fræðimenn áttu einnig sinn þátt í að móta skólastefnuna í þá átt sem hún er í dag. Það voru þeir Émile Durkheim, franskur félagsfræðingur og mannfræðingur (1858-1917) og John Dewey, bandarískur heimspekingur, sálfræðingur og uppeldisfrömuður (1859-1952).

Durkheim lagði áherslu á verðleika hvers einstaklings fyrir sig og að hver einstaklingur ætti að fá að stunda nám við hæfi, óháð uppruna og efnahag. Dewey vildi skóla fyrir alla, því það væri hluti af lýðræðinu. Hann vildi virkja nemendur og vekja áhuga þeirra. Einkunnarorð Dewey; „learning by doing” endurspegluðu áherslur hans á það hvað nám ætti að snúast um (Gestur Guðmundsson, 2007).

1.3. Skóli án aðgreiningar

Hugtakið *Skóli án aðgreiningar* á rætur sínar að rekja til ráðstefnu sem haldin var af UNESCO og spænska menntamálaráðuneytinu árið 1994. 92 ríki, Ísland þar meðtalið, auk 25 samtaka var þar ætlað að ræða um og móta stefnu um skóla fyrir alla.

Á þessari ráðstefnu var samþykkt svonefnd Salamanca-yfirlýsing og einnig rammaáætlun um aðgerðir vegna nemanda með sérþarfir. Þessari yfirlýsingu er eingöngu ætlað að vera til hliðsjónar sem tæki í þeirri stefnumörkun sem fram fer hér á landi og felst í hugtakinu *Skóli án aðgreiningar*. Grundvöllur yfirlýsingarinnar er sá að skólum sé óheimilt að mismuna börnum á forsendum fötlunar þeirra eða skerðinga að öðru leyti (Erna Árnadóttir, e.d.).

Hafa verður það í huga, þegar stefnur allra tegunda skóla eru settar fram, að börn, unglingar og fullorðnir, sem búa við einhvers konar fötlun, eru einstaklingar sem búa yfir jafn fjölbreyttum persónuleika og þeir einstaklingar sem ekki búa við fötlun og þeim á ekki að mismuna á nokkurn hátt frekar en öðrum. *Skóli án aðgreiningar* gerir ráð fyrir því að allir nemendur, líka þeir sem eru þroskaskertir eða búa við einhverjar aðrar hamlanir, eigi jafnan rétt. Námið á að vera aðlagð að þörfum hvers og eins og þar kemur að sameiginlegri ábyrgð fagfólks innan skólakerfisins; að veita öllum nemendum jöfn tækifæri (Ásta Egilsdóttir og Borghildur Birgisdóttir, 2004).

1.4. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun

Mikil þáttaskil urðu 13. desember 2006 þegar Sameinuðu Þjóðirnar (S.þ.) samþykktu Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun (Convention on the Rights of Persons with Disabilities). 30. mars 2007 var ríkjum svo gefinn kostur á því að undirrita samninginn ásamt valkvæðri viðbótarbókun. Ísland nýtti sér þennan kost og var í hópi fyrstu landa til þess að skrifa undir samninginn (Sjálfsbjörg Landssamband fatlaðra, e.d.). 3. apríl 2008 fullgilti 20. ríkið samninginn sem tók því gildi 3. maí 2008 (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2010).

Ríkin sem aðild eiga að þessum samningi Sameinuðu þjóðanna viðurkenna að mannleg reisn, jöfn og óafsalanleg réttindi allra manna, sem og verðleikar þeirra, séu hornsteinn frelsis, réttlætis og friðar. Þau viðurkenna að Sameinuðu þjóðirnar hafi kunnert

og samþykkt, með almennu mannréttindayfirlýsingunni og alþjóðasamningum um mannréttindi, að allir beri sömu réttindi og eigi tilkall til frelsisins sem þar er fjallað um, án aðgreiningar og í hvaða mynd sem er (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, 2008).

Nauðsynlegt er fyrir fatlaða að þeim séu tryggð öll mannréttindi og mannfrelsi að fullu án mismununar. Ríki sem aðild eiga að samningnum viðurkenna að hugtakið fötlun sé breytingum háð og að rekja megi fötlun til samspils á milli fatlaðra og viðhorfstengdra hindrana sem og umhverfistálma sem hafa hamlandi áhrif á fulla og virka samfélagsþátttöku á jafnréttisgrundvelli og viðurkenni einnig að mismunun einstaklings sökum fötlunar misbjóði mannlegri reisu og verðleikum hans.

Mannréttindi allra fatlaðra einstaklinga skal viðurkenna og vernda. Einnig þeirra sem þurfa á miklum stuðningi að halda. Viðurkenna skal rétt hins fatlaða einstaklings til sjálfræðis og sjálfstæðis sem felst m.a. í ákvarðanatöku er snýr að einstaklingnum sem og ákvarðanatöku um stefnumið og áætlanir. Hinum fatlaða einstaklingi skal tryggt aðgengi að efnahags-, félags-, menningar- og efnislegu umhverfi og honum skal tryggð menntun og heilbrigði svo að hann geti notið mannréttinda og mannfrelsis til fulls (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, 2008).

Með undirritun samningsins lýsa ríkin yfir áhyggjum sínum á því að þrátt fyrir fjölda reglna og skuldbindinga eru fatlaðir samt sem áður hindraðir í samfélagsþátttöku til jafns við aðra og þurfa enn að standa frammi fyrir því að mannréttindi þeirra eru skert alls staðar í heiminum.

Ríkin eru þess fullviss að heildstæður, heilsteyptur alþjóðasamningur, í því skyni að auka og vernda réttindi og reisu fatlaðra, er mikilvægt framlag til þess að bæta óviðunandi félagslega stöðu fatlaðra og stuðli að bættri framgöngu þeirra sem borgara, auk efnahags- og menningarþátttöku til jafns við aðra (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, 2008).

Í 24. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun segir að aðildarríki samningsins viðurkenni rétt fatlaðra til menntunar. Til þess að engum sé mismunað og stuðlað sé að jafnrétti fyrir alla, skuli ríkin koma á allsherjar menntakerfi á öllum skólastigum til þess að auka mannlega getu, virðingu fyrir mannréttindum og mannlega fjölbreytni sem og að gefa fötluðum tækifæri til þess að fullþroska persónuleika, hæfileika og sköpunargáfu sína ásamt andlegri og líkamlegri getu. Með því er einnig verið að gefa fötluðum kost á samfélagsþátttöku í frjálsu þjóðfélagi (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, 2008).

Til þess að gera þetta mögulegt skulu aðildarríkin sjá til þess að fötluðum sé tryggður aðgangur að hinu almenna menntakerfi, að almennar kröfur um gæði námsins séu fyrir hendi, til jafns við aðra samfélagsþegna sem og að viðeigandi hagræðing eigi sér stað til þess að mæta þörfum viðkomandi einstaklings.

Fatlaðir eiga rétt á nauðsynlegum stuðningi, sem er árangursríkur og einstaklingsbundinn, innan hins almenna menntakerfis til þess að stuðla að góðri menntun og félagslegri þróun sem samræmast því markmiði að fatlaðir geti lifað í aðgreiningarlausu samfélagi (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, 2008).

Aðildarríki samningsins eiga að tryggja, með viðeigandi hagræðingu í þágu fatlaðra, að þeim sé gert kleift að stunda almennt háskólanám, fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun, án mismununar og til jafns við aðra (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, 2008).

1.5. Skýrsla til fullnustu samnings Sameinuðu þjóðanna

Árið 2008 hófst vinna við fullgildingu samningsins á Íslandi og skipuð var sjö manna nefnd undir forystu Helga Hjörvars. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að kanna það hvort íslensk lög og reglugerðir uppfylli þær kröfur sem lagðar eru á aðildarríki sáttmálans (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2008).

14. mars 2010 kynnti Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, tillögur nefndarinnar á ríkisstjórnarfundum. Skýrslan sem nefndin skilaði af sér fjallar um einstakar greinar samningsins og gerð er grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum honum til fullgildingar. Þær fela m.a. í sér heildarendurskoðun á lögum um málefni fatlaðra, auk annarra lagabreytinga. Skýrslan var send hagsmunaaðilum til umsagnar og í framhaldinu mun hefjast vinna við endurskoðun laga um málefni fatlaðra og annarra lagabreytinga sem nauðsynlegar eru (Andri Valgeirsson, 2010).

Til þess að Ísland uppfylli þau skilyrði, sem lögð voru á þau ríki sem fullgiltu samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þarf að endurskoða lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 í heild sinni. Það var lagt til að við endurskoðunina yrði heiti laganna breytt í *lög um réttindi fatlaðs fólks*.

Einnig var það lagt til að bann við mismunun á grundvelli fötlunar yrði tryggt við næstu endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það eru þó ekki einungis lög um málefni fatlaðra og stjórnarskráin sem þarf að endurskoða, því endurskoða þarf hegningarlögin, lög um starfskjör

launafólks, skyldutryggingu lífeyrisréttinda, kosningalöggjöfina, stjórnáslög, lög um réttindi sjúklinga, barnaverndarlög, lög um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, lög um sjálfræðissviptingu og fella þarf úr gildi lög nr.16/1938 um ófrjósemisaðgerðir.

Einnig þarf að innleiða lög um þvingun og valdbeitingu, lögfesta notendastýrða þjónustu, viðurkenna íslenska táknmálið og löggilda textun og táknmálstúlkun almenns menningarefnis.

Allar þessar breytingar og endurskoðanir þurfa að eiga sér stað til þess að Ísland geti uppfyllt ákvæði nr.: 1, 2, 4, 5, 7, 9, 19, 23, 24, 27, 29 og 30 í samningnum (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2010).

Við 24. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks lagði nefndin það til að framhalds- og háskólar skiluðu inn til mennta- og menningarmálaráðherra þeim verklagsreglum sem til staðar eru um nám fatlaðs fólks á framhalds- og háskólastigi. Koma skuli fram að hve miklu leyti skólarnir fullnægi skyldum sínum til þess að koma í veg fyrir mismunun, hvort þeir séu að tryggja aðgengi og hvað þurfi að bæta (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2010).

Að framansögðu kemur í ljós að fjölmörg lög og reglugerðir eru til sem leggja grunn að stefnu um háskóla fyrir alla. Mikil þróun til hins betra hefur átt sér stað undanfarin ár í málefnum fatlaðra og nemenda með sértæka námserfiðleika. Með Salamancra-yfirlýsingunni var stigið stórt skref í réttindabaráttu fatlaðs fólks til menntunar, því þar er skjalfest að skólum sé bannað að mismuna nemendum á grundvelli fötlunar sinnar eða annarra námserfiðleika.

Með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks munu réttindi fatlaðra styrkjast til muna. Með honum er fötluðum tryggður almennur réttur á við aðra samfélagsþegna. Fötluðum á að tryggja aðgengi að öllu samfélagsumhverfinu, menntun og heilbrigði svo þeir öðlist mannréttindi og mannfrelsi.

Tryggja á aðgang fatlaðra að almenna menntakerfinu með almennum kröfum um gæði námsins sem og viðeigandi hagræðingu fyrir einstaklinginn svo hann geti stundað nám sitt. Það er ljóst að mikil vinna er fyrir höndum til þess að Ísland geti fullgilt samninginn. Þessi vinna felst helst í breytingum á lögum sem styrkja rétt fatlaðra til muna. Vona ég að þessi vinna gangi fljótt fyrir sig svo jafnari staða fatlaðra náist sem fyrst.

2. Háskólanám fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námserfiðleika

Í þessum kafla er fjallað um Háskóla Íslands, hvernig skólinn hefur þróað sérúrræði og hver stefna hans sé í málefnum fatlaðra, gegn mismunun og í jafnréttismálum. Einnig er kynnt ráð um málefni fatlaðra.

Í lok framhaldsskólagöngu stefna flestir á háskólanám, því kröfur samfélagsins um góða menntun hafa aukist mikið undanfarin ár. Fatlaðir nemendur og nemendur með sértæka námserfiðleika eru því miður oft á tíðum ekki í þeim hópi sem fer beint í háskólanám eftir stúdentspróf. Oft er ástæðan þekkingarleysi samfélagsins, fordómar og kröfur skólans. Nemendur eru því hræddir við að sækja um háskólavist og vita ekki að sérúrræði bjóðast eða að þeim sé kleift að stunda nám við sitt hæfi.

Misjafnt er hvernig háskólar á Íslandi sinna fötluðum nemendum og hvernig þeir hafa myndað stefnu í málefnum fatlaðra. Brynhildur Flóvenz (2004) gerði, í janúar árið 2003, könnun á stefnu háskólanna í málefnum fatlaðra. Hún komst að því að eingöngu Háskóli Íslands og þáverandi Kennaraháskóli Íslands höfðu mótað og birt sérstaka stefnu í málefnum fatlaðra (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

Samkvæmt 1. gr. í stefnu Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra er markmiðið að skapa fötluðum nemendum og starfsfólki skilyrði sem gera þeim mögulegt að taka virkan þátt í háskólastarfinu. Fötlun er skilgreind í sinni víðustu merkingu samkvæmt stefnunni og tekur til hreyfi- og skynhamlana, andlegra veikinda, sértækra námsörðuleika sem og tímabundinna veikinda sem áhrif hafa á athafnir daglegs lífs. Tilgang þessara laga telur skólinn vera að veita sértæk úrræði í námi, þannig að þeir sem búa við fötlun eða sérþarfir fái sambærileg tækifæri og aðrir til þess að nýta hæfileika sína til náms (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

2.1. Háskóli Íslands

Fræðasvið Háskóla Íslands eru fimm talsins og skiptast í 28 deildir. Fræðasviðin eru meginskipulagseiningar skólans og mynda í sameiningu grunneiningu hans. Innan hvers fræðasviðs fer fram kennsla, rannsóknir, stoðþjónusta og stjórnun. Sviðin eru sjálfstæð um fagleg- sem og rekstrarleg málefni, innan þeirra marka er háskólareglurnar segja til um og ber hver deild fyrir sig faglega ábyrgð á kennslu og rannsóknum, með mið af þörfum viðkomandi greinar eða námsleiðar.

Á hverju fræðasviði er starfrækt stjórnýsla og stoðþjónusta samkvæmt nánari ákvörðun forseta fræðasviðsins. Fræðasvið skólans og deildir hans eiga að hafa náið samstarf við sameiginlega stjórnýslu háskólans og stuðla að nánú samstarfi sín á milli svo að mannaflí, fjármunir, aðstaða tækja og búnaðar í þágu menntunar og rannsókna nýtist sem best (Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009).

Samkvæmt 54. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands eiga fræðasvið að setja sér reglur um kennslu, kennsluhætti og námsmat með skýrum markmiðum um gæði kennslunnar og við hvaða mælikvarða það miðar. Deildirnar eiga að fylgja samþykktum háskólaráðs um viðmið, gæði og kröfur kennslunnar og námsins. Deildirnar geta heimilað nám með hægari námsframvindu en áskilið er í kröfum viðkomandi deildar með samþykki forseta fræðasviðsins. Próf geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg (Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009).

Eitt af fræðasviðunum er Menntavísindasvið. Það hefur aðsetur í Stakkahlíð, Skipholti og Bolholti í Reykjavík auk Laugarvatns. Þar eru við nám verðandi kennarar fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og verðandi uppeldis-, menntunar-, félagsmála-, tómsunda-, íþrótt- og heilsufræðingar auk þroskaþjálfara. Menntavísindasvið varð til árið 2008 þegar Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands sameinuðust (Háskóli Íslands, e.d.-a).

Á sviðinu eru fimm deildir: Þroskaþjálfadeild, Íþróttadeild, Tómsundadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild. Menntavísindasvið, ásamt deildum þess, á að stuðla að nánú samstafi við sameiginlega stjórnýslu skólans, önnur fræðisvið og deildir. Skipulag náms og rannsókna á sviðinu tekur mið af þörfum hvernar greinar eða námsleiðar fyrir sig (Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009). Námsmat byggist á skriflegum, munnlegum eða verklegum prófum, verkefnum og ritgerðum. Ýmist er boðið upp á staðbundið nám, fjarnám eða sveigjanlegt nám (Háskóli Íslands, 2009; Háskóli Íslands, e.d.-a).

Dæmi um nýmæli við Háskóla Íslands er starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Starftengda diplómanámið er tilraunaverkefni sem fór af stað árið 2007 á vegum þáverandi Kennaraháskóla Íslands, nú Háskóla Íslands og felst í tveggja ára starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun. Guðrúnu V. Stefánsdóttur og Vilborgu Jóhannsdóttur var falið að sjá um undirbúning og skipulag námsins.

Námið er tengt evrópsku samstarfsverkefni á sviði háskólamenntunar fyrir fólk með þroskahömlun og unnið í samstarfi við Fjölmennt og í samráði við menntamálaráðuneytið (Sameiningarvefur Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, e.d.). Hugmyndin með náminu er sú að auðvelda og þrengja bilið sem er á milli framhaldsskóla og atvinnulífs sem og að auka atvinnumöguleika þeirra sem sækja námið (Sameiningavefur Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, e.d.; Háskóli Íslands, e.d. -b).

Námið byggir á réttindum fólks - og koma þar til mannréttindasáttmálar, yfirlýstar alþjóðlegar stefnur hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun - og stefnum Háskóla Íslands, með það að markmiði að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar þátttöku í samfélaginu.

Allt námið er miðað við einstaklingsgetu og því fá nemendur stuðning í bóklegu námi og á vettvangi. Um stuðninginn sjá nemar í þroskaþjálfarafræðum, í formi svokallaðra mentora. Námskeið eru valin eftir starfs- og áhugasviði og því er lögð áhersla á það að tengja saman fræðilegt nám og starfsnám sem skapar þá heildstæða mynd af starfsvettvangi (Háskóli Íslands, e.d. -b).

2.2. Þróun sérúræða í Háskóla Íslands

Í kjölfar réttindabaráttu fatlaðra og breytts viðhorfs almennings, hafa sífellt fleiri gert kröfur til menntunar og jafnrar samfélagsþátttöku. Háskóli Íslands hefur með skipulögðum hætti brugðist vel við þessu (Háskóli Íslands, 2006).

Árið 1990 var skipuð nefnd um málefni fatlaðra innan Háskóla Íslands. Nefndina skipuðu forstöðumaður Námsráðgjafar, námsráðgjafi, framkvæmdarstjóri kennslusviðs HÍ og fulltrúi fatlaðra nemenda. Nefndin lagði fram tillögu um þjónustuskipan fyrir fatlaða sem samþykkt var í háskólaráði í janúar 1991 (Háskóli Íslands, 2006).

Í desember 1993 tók Námsráðgjöf saman skýrslu um stöðu mála gagnvart fötluðum nemendum, þar sem m.a. var spáð fyrir um fjölgun nemenda með fötlun eða hömlun í námi. Þar er bent á öra þróun í málefnum fatlaðra á öðrum skólastigum sem og breytt samfélagsviðhorf til hópsins (Háskóli Íslands, 2006).

Í júní 1995 var samþykkt ný stefna í málefnum fatlaðra nemenda við Háskóla Íslands. Stefnuna vann dr. Sue Kroeger, framkvæmdarstjóri þjónustumiðstöðvar fyrir fatlaða við Minnesotaháskólann í Bandaríkjunum. Stefnan markaði miklar breytingar til hins betra, því

þar voru í fyrsta sinn settar fram hugmyndir um stefnu skólans í málefnum fatlaðra nemenda og mið tekið af því besta sem þekkist við erlenda háskóla (Háskóli Íslands, 2006).

1998 urðu enn breytingar á stuðningskerfi háskólans, með gerð formlegs samkomulags á milli nemenda og skólans um úrræði fyrir fatlaða nemendur. Til grundvallar veitingu sérúrræða þarf að vera til staðar greining, sérfræði- eða læknisvottorð. Tilgangur þessa formlega samkomulags er að samhæfa verklag allra aðila, þ.e. námsráðgjafa, kennara, deilda, stjórnsýslu, prófstjóra og umsjónarmanna fasteigna, sem koma að framkvæmd úrræðanna sem háskólinn ásetur sér að veita (Háskóli Íslands, 2006).

Háskóli Íslands setti árið 2002 fram Stefnu Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra og Reglur um sértækt úrræði í námi við Háskóla Íslands. Lög þessi eru að einhverju leyti byggð á niðurstöðum Hæstaréttar í máli konu sem stundaði nám við háskólann en hélt því fram að hún hefði ekki fengið þá aðstoð eða aðstöðu sem fötlun hennar krafðist.

Dómur þessi var tímamótadómur í málefnum fatlaðra því að í honum eru tekin af öll tvímæli um það að fatlaðir eigi að njóta jafnræðis í námi á við ófatlaða nemendur. Er það á ábyrgð viðkomandi skóla að marka heildarstefnu og ganga þannig frá málum að fatlaðir nemendur þurfi ekki að hliðra til eða biðja um undanþágur. Setti Háskóli Íslands í kjölfarið á þessu máli fram Stefnu Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra og stofnaði níu manna ráð um málefni fatlaðra sem á að hafa yfirumsjón með málefnum fatlaðra í háskólanum (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra staðfestir að nemendur eigi rétt á viðeigandi úrræðum í námi. Verklagsreglur voru einnig settar í fyrsta skipti sem gerði stuðningskerfið virkara með víðtækari skiptingu úrræðaábyrgðar niður á háskólasamfélagið (Háskóli Íslands, 2006).

Árið 2005 tók til starfa starfshópur um geðheilbrigðisáætlun Háskóla Íslands undir stjórn jafnréttisfulltrúa skólans. Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir voru samdar og samþykktar af Háskólaráði árið 2006. Reglunum er ætlað að samræma vinnubrögð, greina frá úrræðum og þeirri þjónustu sem í boði er fyrir nemendur og starfsfólk með geðræn vandamál (Starfshópur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir, 2006).

2.3. Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra

Undanfarin ár hafa breyttar kröfur og samfélagsumræða hvatt til öflugss starfs í málaflokki fatlaðra (Háskóli Íslands, 2006).

Markmið Háskóla Íslands er samkvæmt stefnu háskólans í málefnum fatlaðra:

... að skapa fötluðum stúdentum og starfsfólki skilyrði sem gera þeim kleift að taka virkan þátt í háskólastarfinu (Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands nr. 497/2002).

Mið var tekið af vinnulagi Námsráðgjafar Háskóla Íslands (NHÍ) við gerð stefnu í málefnum fatlaðra við skólann. Þá voru hafðar til hliðsjónar stefnur í erlendum háskólum, einkum á Bretlandi og Norðurlöndunum (Háskóli Íslands, 2006).

1. gr. Reglna um málefni fatlaðra við Háskóla Íslands segir að þeir nemendur skólans, sem búi við fötlun, hömlun eða sérþarfir einhvers konar, sem reynast nemendunum hindrun í háskólanámi sínu, eigi rétt á sértækum úrræðum. Tilgangur með sértækum úrræðum í námi er sá að veita þeim sem við fötlun eða sérþarfir búa sambærileg tækifæri og aðrir hafa til þess að stunda nám (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2004).

Í reglunum um málefni fatlaðra við Háskóla Íslands kemur einnig fram að þó Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands hafi yfirumsjón með málaflokki fatlaðra geti flestir starfsmenn skólans komið að þjónustunni við fatlaða nemendur með einum eða öðrum hætti. Undirstrika reglurnar því ábyrgð alls háskólasamfélagsins hvað málaflokk fatlaðra viðkemur (Háskóli Íslands, 2006).

Samkvæmt reglum um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands nr. 497/2002 er helstu sértæku úrræðunum sem skólinn veitir skipt niður í kennsluúrræði, námsúrræði og prófúrræði. Helstu kennsluúrræði eru m.a. glósuvinir, val á hentugu kennsluhúsnæði, táknmálstúlkur og táknmálsritari, sveigjanleg námsáætlun, hljóðritun fyrirlestra og hreyfanlegur tónmöskvi.

Námsúrræðin fela í sér stuðningsviðtöl, námstækninámskeið, aðstoðarmenn í námi, sálfræðilega aðstoð, skönnun námsefnis á tölvutækt form, hljóðritun fyrirlestra, ljósrít af glærum kennara, aðgengissetur og vinnuaðstöðu með tölvum og sérhæfðum búnaði.

Prófúrræði fela í sér lengri próftíma, prófkvíðanámskeið, ritara í prófum, lituð og stækkuð prófblöð, sérstakt prófherbergi með tölvum, munnleg próf, einrými og hvíld í prófum sem og próf á blindralettri (Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands nr. 497/2002).

Í 8. gr. reglna um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands nr. 497/2002 kemur fram að háskólinn veitir nemendum sértæk úrræði í samræmi við þörf hvers og eins. Ef val er á milli tveggja ólíkra úrræða, sem veita sambærilegan stuðning, áskilur háskólinn sér rétt til vals á milli þeirra.

Þar kemur einnig fram að í undantekningartilvikum er háskólanum heimilt að synja nemanda um sérúrræði vegna fötlunar, ef fram kemur með óyggjandi hætti að innihald, framsetning og uppbygging námsins, sem nemandinn sækir um, sé þannig að fyrirsjáanlegt sé að nemandinn geti ekki uppfyllt þær kröfur sem náminu fylgja, ef ekki tekst að útvega

aðstoðarmanneskjur eða þá aðstöðu sem úrræði nemandans krefjast. Í lögunum kemur einnig fram að nemendur geti óskað eftir þjónustu í aðgengissetrum skólans sem búin eru tölvum og sérhæfðum hugbúnaði (Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands nr. 497/2002).

Annar kafli í stefnu Háskóla Íslands gegn mismunun fjallar um fötlun. Þar segir m.a að óheimilt sé að mismuna starfsfólki og nemendum vegna fötlunar. Virða á rétt einstaklinga til þess að tjá sig/tjá sig ekki um fötlun sína. Það er á ábyrgð allra starfsmanna og nemenda skólans að mynda fordómalaust andrúmsloft gagnvart fötluðum einstaklingum (Háskóli Íslands, 2005- a).

Háskólanum er samkvæmt lögum skylt að tryggja að byggingar skólans séu aðgengilegar fyrir hreyfihamlaða. Einnig ber að tryggja að upplýsingar um þjónustu fyrir fatlaða séu aðgengilegar (Háskóli Íslands, 2005 - b).

2.4. Ráð um málefni fatlaðra innan Háskóla Íslands

Í febrúar 2002 skipaði framkvæmdastjóri akademískrar stjórnarsýslu, að frumkvæði jafnréttisnefndar háskólans, starfshóp um málefni fatlaðra nemenda og starfsfólks við Háskóla Íslands. Var hlutverk hópsins að vinna regludrög um sértæk úrræði í námi og endurskoða stefnu háskólans í málefnum fatlaðra nemenda. Einnig var hópnum ætlað það hlutverk að vinna drög að framkvæmda- og kynningaráætlun Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra. Voru regludrögin samþykkt af háskólaráði þann 14. júní 2002 (Háskóli Íslands, 2006).

Í júlí 2002 var níu manna ráð um málefni fatlaðra nemenda og starfsmanna skipað af háskólaráði til þriggja ára í einu, sbr. 4. gr. reglna nr. 497/2002 um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands (Háskóli Íslands, 2006).

Af þessum níu mönnum eru þrír fastafulltrúar. Þeir eru: Jafnréttisfulltrúi skólans sem er formaður ráðsins, skrifstofustjóri Námsráðgjafar og námsráðgjafi fatlaðra stúdenta. Aðrir eru tilnefndir af Rekstrar- og framkvæmdasviði, kennslusviði og starfsmannasviði, sem tilnefna einn fulltrúa hvert, skrifstofustjóri deilda og stúdentaráð Háskóla Íslands tilnefna einn fulltrúa saman, þá tilnefna Félag háskólakennara og Félag prófessora einn fulltrúa sameiginlega úr hópi fastráðinna kennara (Háskóli Íslands, 2002).

Skipun í ráð sem heyrir beint undir háskólaráð, um málefni fatlaðra nemenda og starfsmanna háskólans, var mikilvægt nýmæli í stefnu skólans. Í ráðinu eru samankomnir fulltrúar allra eininga háskólasamfélagsins, með það að hlutverki að gera tillögur til háskólaráðs um stefnu í málefnum fatlaðra, sjá um fræðslu málaflokksins innan

háskólasamfélagsins, fylgja eftir áætlun um framkvæmd stefnunnar og samhæfa vinnu allra aðila sem að málaflöknum koma (Háskóli Íslands, 2006).

Framkvæmd úrræða, sem snerta fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námsörðugleika, er í höndum Ráðs um málefni fatlaðra. Náms- og starfsráðgjöf sér um þjónustu við nemendurna og leggur til sérúrræði í námi. Háskóli Íslands leggur einnig áherslu á aukið fræðslustarf og rannsóknir í fötlunarfræðum og málefnum fatlaðs fólks, sem Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum og námsbraut í fötlunarfræðum sér um (Auður Magnús Leiknisdóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnalds, 2010).

Árið 2005 gaf Ráð um málefni fatlaðra út bæklinginn *Háskóli fyrir alla, aðgengi og úrræði við Háskóla Íslands*. Markmiðið með útgáfu bæklingins var að gera jafnréttisstarf og þjónustu háskólans sýnilegri. Einnig hefur ráðið staðið fyrir ýmsum námskeiðum og kynningum á málefnum fatlaðra í samvinnu við Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum (Háskóli Íslands, 2005- a ; Auður Magnús Leiknisdóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnalds, 2010).

Á dagskrá hjá Ráði um málefni fatlaðra er að endurskoða stefnu í málefnum fatlaðra. Í endurskoðuninni á að koma betur að málefnum fatlaðs starfsfólks og leggja meiri áherslu á málefni fólks með geðraskanir. Einnig þurfa bæði stefnan um málefni fatlaðra og reglur skólans um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands að taka mið af félagslegri skilgreiningu á fötlun, í stað þeirra læknis- og líffræðilegu þátta eins og hún hefur gert (Fundargerð ráðs um málefni fatlaðra nr. 34/2009).

2.5. Jafnréttismál Háskóla Íslands

Undanfarin ár hefur hugtakið jafnrétti verið verulega útvíkkað. Í staðinn fyrir að fjalla nær eingöngu um jafnrétti kynjanna, eins og tíðkaðist áður fyrr, er farið að fjalla um jafnréttismál ýmissa minnihlutahópa. Þetta eru flokkar eins og málefni fatlaðra, innflytjenda og samkynhneigðra. Allt eru þetta hópar sem hafa orðið undir í samfélaginu og hefur verið mismunað á grundvelli fötlunar sinnar, húðlitar, kynhneigðar eða tungumáls. Þessir hópar hafa orðið sýnilegri undanfarin ár, bæði innan Háskóla Íslands sem og í samfélaginu öllu og hafa í auknum mæli barist fyrir réttindum sínum.

Fyrsta skrefið í þessari útvíkkun var unnið þegar Jafnréttisnefnd ásamt Námsráðgjöf og starfsmannasviði var falið að fara fyrir vinnuhópi um málefni fatlaðra og annarra minnihlutahópa (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2004).

15. maí 1997 samþykkti háskólaráð að skipuð yrði jafnréttisnefnd sem ynni að jafnréttismálum í víðum skilningi á grundvelli jafnréttislaga og með tillögur nefndarinnar til hliðsjónar. Fyrsti fundur jafnréttisnefndar Háskóla Íslands fór fram 26. janúar 1998. Starfssvið nefndarinnar var víkkað út árið 2002 með áhersluaukningu á jafnrétti minnihlutahópa. Jafnréttisnefndin hefur staðið fyrir og tekið þátt í ýmsum verkefnum sem snerta fræðslu, kynningu og umræður um jafnréttismál (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2004).

Haustið 2001 var fyrsti jafnréttisfulltrúi skólans ráðinn. Jafnréttisfulltrúi heyrir undir akademíska stjórnarsýslu og hefur í umboði rektors og í samstarfi við jafnréttisnefnd umsjón með framkvæmd jafnréttismála við Háskóla Íslands.

Jafnréttisfulltrúinn ber, í samstarfi við framkvæmdastjóra stjórnarsýslu og jafnréttisnefnd skólans, ábyrgð á framkvæmd jafnréttisáætlunar. Jafnréttismál eiga að vera fléttuð inn í alla ákvarðanatöku og stefnumótun Háskóla Íslands, samkvæmt jafnréttisáætlun hans. Jafnréttisstefnunni er svo einnig ætlað að nýtast við frekari stefnumótun í jafnréttismálum. Jafnréttisfulltrúi á að veita lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna í starfsemi háskólans eftirfylgd, sem og lögum um stöðu fatlaðra, samkynhneigðra og útlendinga (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2004).

Vegna mikilla skipulagsbreytinga árið 2008, þegar Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinuðust, þótti nauðsynlegt að endurskoða jafnréttisáætlun skólans (Háskóli Íslands, 2009). Ný áætlun var samþykkt af háskólaráði þann 15. janúar 2009. Hún tekur til sömu meginþátta og fyrri jafnréttisáætlanir, með þeirri nýbreytni þó að áætlunin nær ekki eingöngu til aðstöðu og möguleika kynjanna í námi heldur einnig að náminu loknu og horfir skólinn því einnig út á við til jafnréttis kynjanna í samfélaginu í heild sinni (Auður Magnús Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Friðrik H. Jónsson, 2009).

Öllum fræðasviðum og stofnunum háskólans er gert að vinna samkvæmt jafnréttisáætlun skólans, sem og að fræðasviðin eiga að setja sér sína eigin jafnréttisáætlun sem vinna á eftir. Jafnréttisnefnd skal vera starfandi á hverju fræðasviði. Mikilvægt þykir að starfsmenn og nemendur háskólans þekki markmið skólans í jafnréttismálum. Það er á ábyrgð jafnréttisnefndar Háskóla Íslands að sjá um kynningu áætlunarinnar. Það er þó á ábyrgð forseta fræðasviða, forstöðumanna stofnana og framkvæmdastjóra stjórnarsýslusviða að einstökum ákvæðum jafnréttisáætlunarinnar sé fylgt eftir. Endanleg ábyrgð er þó í höndum yfirstjórnar skólans, sem er háskólaráð og rektor (Háskóli Íslands, 2009).

Í stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 er eitt af sex grunngildum skólans það að leggja áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og að gætt verði að jafnrétti á öllum sviðum skólans.

Jafnréttisnefnd er ætlað að veita jafnréttisráðgjöf ásamt því að sporna við mismunun innan skólans, hvort sem sú mismunun á sér stað á grundvelli fötlunar, kynferðis, kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, trúarbragða eða stöðu að öðru leyti. Raddir fólks sem tilheyra minnihlutahópum innan háskólasamfélagsins eiga að heyrast og þetta fólk á að eiga jafnan aðgang að öllum gæðum háskólasamfélagsins (Háskóli Íslands, 2007).

2.6. Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun

Í því skyni að vera í fararbroddi í jafnréttismálum í þjóðfélaginu setti háskólinn fram stefnu Háskóla Íslands gegn mismunun með það að markmiði að tryggja jafnrétti hinna ólíku hópa og einstaklinga sem stunda nám og vinnu við skólann, sem og að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli persónulegra eiginleika. Samræmist mismunun því ekki markmiðum skólans (Háskóli Íslands, e.d. - c).

Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun var samþykkt á háskólafundi þann 18. febrúar 2005. Markmið hennar er að stuðla að því að háskólinn gegni hlutverki sínu samkvæmt 1. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og uppfylli með því réttmætar væntingar sem gerðar eru til skólans og starfsmanna hans.

Stefnan er reist á 65. gr. jafnræðisreglu stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. stjórnaskipunarlög nr. 97/1995 og 11 gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, ásamt margvíslegum öðrum lagaákvæðum sem leggja bann við mismunun. Stefnan á einnig rætur í alþjóðlega mannréttindasáttmála og mannréttindayfirlýsingar.

Stefnan er ein af þremur meginstöðum í jafnréttisstarfi háskólans, en hinar tvær eru áætlun um jafnrétti kynjanna og stefna í málefnum fatlaðra, þar sem fjallað er um hvernig megi skapa fötluðum skilyrði til virkrar þátttöku í háskólasamfélaginu (Háskóli Íslands, 2005-b).

Stefnan felur í sér þann ásetning háskólans að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli persónulegra eiginleika. Í stefnunni er sérstaklega kveðið á um eftirfarandi: Aldur, fötlun, heilsufar, kyn, kynhneigð, trúarbrögð og stjórnmálaskoðanir, þjóðerni, uppruna, litarhátt og menningu (Háskóli Íslands, 2005-b).

Engin mismunun af nokkru tagi er liðin við Háskóla Íslands. Þar er óheimilt er að mismuna fólki, t.d. hvað varðar verkaskiptingu, vinnutilhögun, vinnuaðstæður, skipun í starfshópa eða nefndir, einkunnagjöf, leiðsögn eða að öðru leyti (Háskóli Íslands, 2005-b).

Ásamt jafnréttisnefnd sér jafnréttisfulltrúi um það að framfylgja stefnu Háskóla Íslands gegn mismunun.

Mismunun á sér stað þegar einstaklingi eða hópi er meinaður aðgangur að gögnum, björgum og gæðum samfélagsins. Mismunun felur í sér ólíka og ójafna meðferð fólks vegna sýnilegra eða oft ímyndaðra, líkamlegra og andlegra eiginleika eða atferlis (Háskóli Íslands, 2005- b).

Bein mismunun er það að hindra eða draga úr möguleikum manneskju, t.d vegna fötlunar, kyns eða litarháttar sem gerir manneskjunni þannig erfiðara fyrir en fólki sem ekki hefur sömu eiginleika, í sömu eða sambærilegum aðstæðum.

Óbein mismunun er aftur á móti afleiðing ákvæða, viðmiða, skilyrða, reglna, stefna eða framkvæmda sem í fyrstu virðast gera alla jafna, en hefur þegar á reynir hlutfallslega óréttlát áhrif og afleiðingar fyrir ákveðna einstaklinga og/eða hópa.

Ólík meðferð, með eðlilegum og málefnalegum forsendum, telst ekki brjóta gegn jafnræðissjónarmiði ef hún stefnir að lögmætu markmiði, t.d ef ákveðinn hópur fær sérlöggjöf í þeim tilgangi að jafna hlut þeirra til jafns við aðra þjóðfélagshópa. Dæmi um þetta eru sérstakar lögmætar aðgerðir til þess að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör og aðrir samfélagsþegnar njóta, sbr. ákvæði laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 (Háskóli Íslands, e.d. - c).

Fordómar og mismunun eru atriði sem fylgjast yfirleitt að og byggjast á samverkandi þáttum eins og skilnings- og þekkingarleysi á menningu, viðhorfum, sögu, atferli, reynslu og aðstæðum einstaklinga og hópa. Fordómar eru hlutdrægar, neikvæðar og fjandsamlegar skoðanir og viðhorf til einstaklinga eða hópa. Þessi viðhorf geta valdið og viðhaldið mismunun gegn einstaklingi eða hópi (Háskóli Íslands, e.d. -c).

Að framan má sjá að Háskóli Íslands hefur sett fjölmargar reglur sem gera fötluðum nemendum og nemendum með sértæka námserfiðleika kleift að stunda háskólanám. Skólinn er greinilega allur að vilja gerður og vill vera í farabroddi í jafnréttismálum í samfélaginu.

Reglur skólans eru þó nokkuð loðnar, t.d hvað varðar 8. gr. reglna um sérúrræði í námi sem tiltekur að skólanum sé heimilt að neita nemanda um sérúrræði ef fyrirséð er að fötlun hans sé þess eðlis að nemandinn geti ekki staðist kröfur námskeiðsins eða ef ekki er unnt að útvega þá aðstoð eða aðstöðu sem nemandinn þarfnast. Skólinn hefur því vald til þess að neita nemandanum um skólavist sökum fötlunar hans.

Einnig eru of fá úrræði í námi fyrir nemendur með þroskahömlun. Ég tel þörf á því að starfstengt diplómanám sé við skólann á fleiri sviðum en Menntavísindasviði, þannig að

nemendur geti sótt það nám sem þeir vilja. Einnig þarf skólinn að endurskoða 8. gr. reglna um sérúrræði í námi og leyfa nemendum að spreyta sig áður en þeim er vísað frá

3. Skipulag og framkvæmd stuðningsaðgerða

Í þessum kafla verður fjallað um Náms- og starfsráðgjöf og kynnt verða virk nemendafélög skólans sem snúa að málefnum fatlaðra og nemenda með sértæka námserfiðleika.

Gerð verður grein fyrir þeim stuðningsúrræðum sem þeir nemendur sem ég tók viðtal við eiga kost á. Ég flétta inn viðtöl mín við ýmsa starfsmenn skólans sem koma að málefnum fatlaðra nemenda og nemenda með sértæka námserfiðleika með einum eða öðrum hætti.

Ég segi nú stuttlega frá þeim starfsmönnum sem ég tók viðtöl við: Ingunn Margrét Ágústsdóttir er námsráðgjafi á Háskólatorgi. Ingunn sér um úrræði fyrir nemendur með sértæka námserfiðleika og situr í ráði um málefni fatlaðra. Kristjana Mjöll Sigurðardóttir er námsráðgjafi og sér um úrræði fyrir nemendur með sértæka námserfiðleika á Menntavísindasviði. Arnar Gíslason er jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands og Júlía Þorvarðsdóttir er talsmaður nemenda á Menntavísindasviði.

3.1. Náms-og starfsráðgjöf Háskóla Íslands

Frá upphafi hefur Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands haft umsjón með málefnum fatlaðra við háskólann, eins og sagt er fyrir um í stefnu skólans frá 2002:

Námsráðgjöf Háskóla Íslands hefur umsjón með málefnum fatlaðra stúdenta og leggur til úrræði á grundvelli faglegs álits sérfræðings og fylgir eftir framkvæmd úrræða í samvinnu við þá aðila sem málið varðar (Háskóli Íslands, 2006).

Hlutverk Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands (NSHÍ) er að veita nemendum skólans ýmiss konar stuðning og þjónustu. Sinnir NSHÍ erindum eins og almennum upplýsingum um nám við Háskóla Íslands, námsvali, námstækni, vinnubrögðum og próftöku, stuðningi í námi, sem og að hún sinnir sérúrræðum vegna sértækra námsörðugleika, fötlunar eða veikinda. NSHÍ býður nemendum upp á námskeið í vinnubrögðum í háskólanámi, finnur með nemendum leiðir til sjálfsvitundarefningar og leiðir til þess að takast á við próf- og verkefnakvíða. Námsráðgjafi er málsvari nemenda og stendur því vörð um hagsmunamál

þeirra. Öll mál sem til námsráðgjafa koma eru trúnaðarmál (Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, e.d.- i).

Þau sérúrræði sem Háskóli Íslands veitir fötluðum nemendum og nemendum með sértæka námserfiðleika eru t.d. val á aðgengilegu kennsluhúsnæði, aðstoðarmenn við nám, táknmálstúlkur, hljóðritun fyrirlestra, lengri próftími, munnleg próf sem og ritari í prófum. Markmið þessara úrræða er það að nemendur sem búa við fötlun eða sértæka námserfiðleika hafi sambærileg tækifæri og aðrir nemendur til þess að nýta hæfileika sína til náms (Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands nr. 497/2002).

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands hefur umsjón með aðgengissetri á Háskólatorgi sem og að hafa umsjón með geðspekivef skólans sem tekinn var í notkun árið 2008 (Auður Magnús Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds, 2010).

Fjöldi þeirra nemenda sem nýtt hafa sérúrræði í námi hefur aukist mikið á undanförunum árum, eða úr 60 árið 1995 í 462 árið 2009. Árið 2009 voru við nám í Háskóla Íslands 207 nemendur með dyslexíu, 45 með sálræn vandamál, 43 langveikir, 42 hreyfihamlaðir, 22 með ADHD, sjö sjónskertir, sex heyrnarskertir og níu nemendur flokkuðust með annars konar fötlun eða námserfiðleika. Líklegt telst að þessi fjölgun sé tilkomin að einhverju leyti vegna almennrar fjölgunar nemenda við skólann.

Aðsókn fólks með fötlun og sérúrræði í skólann er meiri nú, þegar málaflöknum er sinnt markvissara en áður og vegna þekkingar nemenda sem þurfa á sérúrræðum að halda á réttindum sínum og vegna meiri aðstoðar námsráðgjafar við úrlausn mála (Auður Magnús Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Friðrik H. Jónsson, 2009; Auður Magnús Leiknisdóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnalds, 2010).

3.2. Nemendafélög

Meðal nemenda eru starfrækt félögin Skyn og Manía.

Manía er félag fólks með geðraskanir innan Háskóla Íslands sem og áhugamanna um málefnið. Það var stofnað á Alþjóða geðheilbrigðisdeginum þann 10. október 2005. Markmið félagsins er að stuðla að bættri þjónustu við nemendur og starfsmenn skólans sem glíma við geðraskanir, standa fyrir umræðum um geðraskanir og geðheilbrigði innan skólans og koma á samstarfi við nefndir og stofnanir sem koma að málefnum fólks með geðraskanir og halda uppi félagsstarfi (Manía, e.d.).

Skyn er félag nemenda með sértæka námsörðugleika sem stofnað var árið 2007. Markmið þess er að gefa nemendum með sértæka námserfiðleika tækifæri til þess að hittast, veita þeim stuðning og auka samheldni þeirra. Aukin fræðsla, umræða og rannsóknir á málefnum þeirra sem búa við sértæka námsörðugleika er einnig markmið félagsins. Félagið hefur staðið fyrir undirskriftasöfnun til þess að reyna að fá sjálfstætt fjármagn til NSHÍ og tók menntamálaráðuneytið málið til skoðunar. Félagið hefur barist fyrir umbótum á Uglunni þar sem óskað er eftir því að kennarar setji upplýsingar um próf og verkefni í dagatal á forsíðu Uglunnar. Einnig hefur félagið barist fyrir því að samningur verði gerður á milli ríkisins og Blindrabókasafnsins um veitingu hljóðbóka og blindraletursbóka til nemenda Háskóla Íslands (Skyn, e.d.).

3.3. Markhópur og úrræði

Markhópur minn voru nemendur með sértæka námserfiðleika sem stunda nám á Menntavísindasviði. Enginn nemandi með heyrnar- eða sjónskerðingu var við nám og fjalla ég því ekki um þau sérúrræði sem þeim málaflokki bjóðast.

Dyslexía, eða lesblinda, er lesröskun sem lýsir sér m.a í slökum lesskilningi, erfiðleikum við greiningu orða, hægum lestri, stafsetningaörðugleikum og slakri skrift. Fyrir þessa nemendur eru úrræði eins og lengri próftími, lituð og stækkuð prófblöð, próftaka á tölvu með leiðréttingaforriti, stækkað letur í prófum, hljódupptaka fyrirlestra, ritara í prófum og þeir eiga rétt á því að fá kennslubækur sínar skannaðar fyrir vefþul. NSHÍ heldur reglulega námstækninámskeið sem eru sérsniðin að þörfum nemenda með dyslexíu og þeir eiga rétt á lærdómsaðstöðu og próftöku í aðgengissetri skólans, eða rólegum aðstæðum í prófi, þar sem að hámarki fimm nemendur eru í prófstofu (Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, e.d.- a; Háskóli Íslands, 2005-a).

Hreyfihömlun getur verið meðfædd eða afleiðing slyss eða sjúkdóma eins og gigtar eða MS. Hreyfihömlun veldur bæði takmarkaðri/engri göngugetu sem og máttleysi í höndum eða röskun í stoðkerfi líkamans, jafnvægisshorti og litlu þoli. Úrræði fyrir hreyfihamlaða eru t.d aðstoðarmanneskja í skólanum, hljódupptaka í fyrirlestrum, púlt í prófum, glósuvinir, lengri próftími, stillanlegur stóll í prófum sem og ritari eða próftaka á tölvu. Einnig bjóðast nemendum með hreyfihömlun rólegar aðstæður í prófum, hvíld án skerðingar próftíma. Þeim gefst einnig kostur á því að fá námsbækur sínar skannaðar á vefþul, sérstaka aðstoð á t.d

bókasöfnum og vinnuástöðu á aðgengissetri (Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, e.d.-b).

Helstu einkenni athyglisbrests (ADHD), með eða án ofvirkni, eru að einbeitingaleysi hrjáir nemandann. Hann veður úr einu í annað, á erfitt með skipulag og gleymir fyrirmælum. Ofvirkninni fylgir einnig eirðarleysi, ið og fikt í hlutum. Nemandinn er hvatvís, talar og framkvæmir án hugsunar, á erfitt með að hafa stjórn á skapi sínu og á erfitt með að þurfa að bíða. Úrræðin sem í boði eru fyrir nemendur með ADHD eru t.d. aðstoð við námsskipulag, stuðningsviðtöl, lengri próftími sem og rólegar aðstæður í prófi, hljóðupptaka fyrirlestra og glósuvínir (Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, e.d.-c).

Þeir nemendur eiga rétt á sérúrræðum í námi sem glíma við sálræna örðugleika, eins og kvíða, þunglyndi, sjálfstraustsskort, fíkn, samskiptaörðugleika, misnotkun og sál- og líkamlegra örðugleika. Ráðgjafar NSHÍ veita ráðgjöf varðandi sálræna örðugleika, boðið er upp á skammtímameðferð við sálrænum kvillum. Þeir nemendur sem eiga við langvarandi tilfinningaleg vandamál að stríða geta fengið aðstoð við að finna sem gagnlegust úrræði sem felast m.a. í stuðningsviðtölum, lengri próftíma, rólegum aðstæðum í prófi, prófkvíðanámskeiðum og hvíld úr prófi án skerðingar á próftímanum (Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, e.d.-d).

Langvarandi veikindi geta tengst mörgum sjúkdómum en eiga það þó sameiginlegt að skerða verulega mátt og úthald einstaklingsins. Gigt, krabbamein, flogaveiki, sykursýki, M.N.D., M.S. og H.I.V. eru allt sjúkdómar sem geta kallað eftir sérúrræðum í námi, sem geta falist í t.d. aðstoðarmönnum í námi, vali á aðgengilegu húsnæði, glósuvinum, hljóðupptökum fyrirlestrum, púltum og stillanlegum stólum, lengdum próftími, ritara í prófum eða próftöku á tölvu, rólegum aðstæðum í prófi sem og hvíld án skerðingar á próftíma. Einnig eiga þessir nemendur átt rétt á sérstakri aðstoð, t.d. á bókasöfnum og vinnuástöðu á aðgengissetrinu (Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, e.d.-e).

Háskóli Íslands er þátttakandi í fjölþjóðlega samstarfsverkefninu HEAG (Higher Education Accessibility Guide). Markmið verkefnisins er að gera sem aðgengilegasta þjónustu við fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námsörðugleika. Háskólar frá 17 ríkjum Evrópusambandsins eru þátttakendur í verkefninu, ásamt Íslandi og Noregi. H.E.A.G. hefur samhæft heimasíðuna <http://heagnet.org>. Þar koma fram upplýsingar um aðgengi skólanna og þá þjónustu sem þeir bjóða upp á. Mismikil þjónusta er í boði og auðveldar þetta nemendum leit að skóla við sitt hæfi (Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, e.d.-f).

Úttekt var gerð á vef Háskóla Íslands árið 2009. Innihald, þjónusta, nytsemi og aðgengi fatlaðs fólks að vefnum var kannað og fékk skólinn 79 stig af 100 mögulegum. Mjög góð

einkunn var fyrir innihald, þjónustu og nytsemi en aðgengisþátturinn fékk aðeins 40 stig af 100 (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

3.4. Mat starfsmanna

3.4.1. Starf námsráðgjafa

Ingunni Margréti bað ég að segja mér aðeins frá starfi námsráðgjafa. Sagði hún að starf Náms- og starfsráðgjafar væri mjög fjölbreytt, því að auk þess að þjónusta þá 650 nemendur sem eru á samningi hjá þeim vegna sérstakra námsúrræða, þá þjónusta þau um 14.000 nemendur. Þjónustusvið Náms- og starfsráðgjafar er því mjög vítt og fjölbreytt.

Hjá Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands eru starfandi átta náms- og starfsráðgjafar í misháu starfshlutfalli, einn sálfræðingur, táknmálstúlkur, starfsmaður í móttöku og skrifstofustjóri, allt í allt 12 manns.

3.4.2. Kynning úrræða

Ég vildi fá að vita hvernig nemendur, sem þurfa á sérúrræðum að halda, viti hvert þeir eigi að leita og hvaða rétt þeir eiga.

Ingunn fræddi mig um það að lengi vel hafi verið hægt að haka við ef nemendur höfðu sértæka námserfiðleika og þurftu á sérúrræðum að halda. Það hefur nú verið tekið út.

Þegar Háskóli Íslands fær umsókn senda, sendir hann til baka staðfestingu á móttöku hennar. Með þessari staðfestingu fylgir að ef nemandinn þurfi á sérúrræðum í námi að halda þá geti hann snúið sér til Náms- og starfsráðgjafar skólans.

Einnig er sendur tölvupóstur til allra nemenda, þrisvar sinnum á önn, um að þeir geti leitað til NSHÍ ef þeir þurfi á sérúrræðum að halda sem og þeim bent á að stofnuð hefur verið „Facebook“ síða til þess að reyna að ná til nemenda. Þar eru kynnt námskeið sem haldin eru og annað sem er á döfinni.

Kristjana Mjöll benti mér á að allar upplýsingar um sérúrræðin sé hægt að nálgast á heimasíðu HÍ. Hún sagði að margir nemendur hafi notið sérúrræða áður, t.d. í framhaldsskóla og þekki því ferlið og viti hvaða úrræði þeir þurfa. Eftir að nemandi hefur leitað til NSHÍ um námsúrræði skrifar hann undir samning um sérúrræði. Hann þarf einnig að koma með vottorð eða staðfestingu frá sérfræðingi um hömlun sína eða sértæka námserfiðleika.

Nemendur með t.d. prófkvíða sem vilja vera í sérstofu eða fá lengri tíma í prófi, þurfa að sitja prófkvíðanámskeið hjá NSHÍ, með það að markmiði að vinna bug á kvíðanum. Einnig

geta þessir einstaklingar skilað inn staðfestingu frá sérfræðingi um það að þeir séu í reglulegum viðtölum eða meðferð til þess að takast á við ástand sitt. Nemandinn þarf svo að koma og skrifa undir samning við NSHÍ í upphafi hvers árs.

Kristjönu finnst eðlilegt að tillögur um úrræði, frá viðkomandi sérfræðingi, fylgi hverri greiningu fyrir sig. Það myndi hjálpa bæði nemendum og námsráðgjöfum NSHÍ við úrræðaveitingu, því nemendurnir eru eins misjafnir og þeir eru margir og því misjafnt hvað hentar hverjum og einum. Samningurinn er vinnuþagg fyrir náms- og starfsráðgjafa til þess að hægt sé að halda utan um málefni hvers nemanda fyrir sig.

Óski nemandi eftir úrræðum vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika skal hann snúa sér til Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands (NSHÍ). Nemandinn þarf að leggja til greiningu, þar sem fram kemur hvað hamli honum í námi og í framhaldi af því gera náms- og starfsráðgjafi og nemandinn skriflegt samkomulag um það til hvaða úrræða skuli gripið. NSHÍ ber ábyrgð á því að fylgja samkomulaginu eftir í samvinnu við starfsmenn skólans.

Þar sem margir leggja hönd á plóg er brýnt að nemendur sem óska eftir úrræðum leiti til NSHÍ um leið og ákvörðun um skólavist er tekin. Sömu námskröfur eru gerðar til allra nemenda skólans en markmið sérúrræðanna er að jafna aðstöðu nemenda til náms (Háskóli Íslands, 2005 - a).

NSHÍ leggur áherslu á námstækni og vinnulag allra nemenda sem nýta sér sérúrræði ásamt sérúrræðunum sjálfum, sem eru misjöfn eftir fötlun og hömlun hvers nemanda. Mikilvægt er að nemendur sem glíma við fötlun eða hvers konar námserfiðleika upplýsi kennara sína um það.

Nemendur geta óskað eftir því við kennara að þeir fái t.d efnislegar athugasemdir meira metnar en réttitun, að glósur séu aðgengilegar á vefnum fyrir tíma og útskýringar á nýjum lykilhugtökum og fagorðum og að kennari lesi upp texta sem skrifaður hefur verið á töflu. Nemandi getur fengið meiri sveigjanleika í verkefnaskilum, upptöku af fyrirlestur og sumum nemendum gefst kostur á munnlegu prófi, að hafa ritara í prófi eða svörum og diskum eða segulband (Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, e.d.-a).

3.4.3. Úrræði á Menntavísindasviði

Kristjana segir að úrræðin sem Menntavísindasvið veiti snúi flestöll að prófum, þ.e. lengri próftími, tölvu í prófum, sérstofur o.fl. Nemandinn þarf helst að láta NSHÍ vita fyrir

lokaprófin í hvaða próf hann fer, því gögn og sérúrræðasamningar nemenda eru ekki á tölvutæku formi.

NSHÍ á Menntavísindasviði veitir ekki sérúrræði fyrir próf sem eru á miðju misseri eða heimapróf, öðruvísi en svo að ef nemandinn kýs að láta kennara sinn vita um námsferiðleika sína þá er það staðfest við kennara.

Í viðtölum mínum við nemendur kom í ljós að þeim fannst öllum óþarfi að fara til námsráðgjafa í upphafi hvers skólaárs til þess að skrifa undir nýjan samning. Fannst þeim eins og að þeir þyrftu alltaf að vera að gera grein fyrir sér og fötlun sinni, sem í öllum tilvikum var óbreytt. Einnig þótti þeim aukið álag að þurfa að fara til námsráðgjafa og láta vita fyrir lokaprófin, hvenær einstök próf séu og í hvaða fagi.

Aðspurð um þetta svaraði Ingunn því til að þetta kerfi væri skipulagt á þennan hátt svo hægt væri að fylgjast með því hvernig sérúrræðin væru að henta hverjum nemanda fyrir sig, hvort nemandinn væri ánægður með úrræðin eða hvort einhverju þyrfti að breyta.

Arnar Gíslason jafnréttisfulltrúi skólans sagði mér að það standi til að breyta framkvæmd sérúrræða, þannig að stærstur hluti nemenda muni ekki þurfa að koma nema einu sinni til þess að gera samning um sérúrræði og það sé svo í höndum nemendanna að leita aftur til NSHÍ ef endurskoðunar á úrræðum er þörf.

Einnig kom í ljós að það er einungis á Menntavísindasviði sem nemendur þurfa að gera grein fyrir sér fyrir próf, því þar eru upplýsingar um nemendur og sérúrræði þeirra ekki komnar á tölvutækt form eins og er á Háskólatorgi.

3.4.4. Prófúrræði á Menntavísindasviði

Kristjana Mjöll segir að sérúrræði sem tengjast prófum séu lengri próftími og sé hann yfirleitt 25% lengri en almennt gerist. Sumir fá að notast við tölvu í prófum. Það eru aðallega þeir einstaklingar sem eiga erfitt með að skrifa. Aðrir nemendur eru úthaldslitlir og þurfa því að fá hvíld í próftíma. Einnig þurfa sumir A.D.H.D. nemendur að fá að stúka sig af.

Kristjana sagði að nemendur Menntavísindasviðs tækju alltaf prófin í sérstofum uppi á Menntavísindasviði og fengju þá tölvur þangað inn. Það væri þó ekki alltaf að virka sem skyldi, því margir nemendur væru að taka mismunandi próf í hvorri stofu fyrir sig, en sérúrræðastofurnar eru tvær á próftímanum. Þessu fylgdi umgangur margra kennara og því oft á tíðum meiri truflun heldur en í prófstofunum almennt, þar sem allir nemendur glímdu við sama prófið.

Þetta brýtur í bága við það sem sagt er í bæklingnum *Háskóli fyrir alla. Aðgengi og úrræði við Háskóla Íslands*. Þar kemur fram að nemendur með sérúrræði eigi rétt á rólegum aðstæðum í prófum, þar sem að hámarki fimm nemendur séu við próf í einu (Háskóli Íslands, 2005- a).

Árið 2005 gaf Ráð um málefni fatlaðra út bæklinginn *Háskóli fyrir alla. Aðgengi og úrræði við Háskóla Íslands*. Markmiðið með útgáfunni var að gera jafnréttisstarf og þjónustu háskólans sýnilegri. Bæklingurinn var hugsaður fyrir nemendur sem búa við fötlun eða hömlun einhvers konar. Er þá átt við hreyfi- og skynhamlanir, tímabundin líkamleg og sálræn vandamál sem og sértæka námsörðugleika. Tilgangurinn er að gera þennan hóp meðvitaðri um réttindi sín og þau úrræði sem í boði eru í skólanum (Háskóli Íslands, 2005-a).

3.4.5. Námsúrræði

Nemendum með dyslexíu stendur til boða að fá skönnun bóka. Þá þarf nemandinn að kaupa bókina og NSHÍ sér svo um að skanna hana. Einnig hefur Náms- og starfsráðgjöf komið að stuðningi við nemendur um heimanám.

Þá er um að ræða nemendur sem eiga erfitt með úrvinnslu og skipulag t.d vegna sjúkdóma. Þá borgar skólinn aðila fyrir það að fara heim til einstaklingsins og hjálpa til við að fara í gegnum námskeiðslýsingar, uppsetningu verkefna eftir verkefnaáætlun o.fl.

Glósuvinir eru svo einstaklingar sem glósa í tímum fyrir nemendur. Á það yfirleitt við um heyrnaskerta og hreyfihamlaða nemendur. Stundum eru það nemendurnir sjálfir sem biðja bekkjarfélaga um að vera glósuvinir eða aðstoðarmenn, en námsráðgjafar hafa líka milligöngu um það. Þetta fer allt eftir óskum nemandans. Hafa þessir glósuvinir fengið greitt fyrir hjálp sína, annað hvort með beinum greiðslum eða með úttekt í bóksölu skólans.

Ingunn segir að skólinn útvegi alltaf aðstoðarmanneskjur í einhverjum mæli. Byrjunin er sú að auglýst er á meðal samnemenda einstaklingsins, en ef það ber ekki árangur er hringurinn víkkaður. Þessir aðstoðarmenn sjá um að glósa fyrir nemandann og aðstoða með heimanám. Samnemandi, sem þekkir til í faginu og er að glósa fyrir sjálfan sig í leiðinni, er hentugasta lausnin. Stundum hentar betur að nokkrir aðilar taki þetta að sér og skipti þá með sér verkum.

Ingunn segir alltaf einhvern hóp nemenda þurfa á sérúrræðum að halda en nýti sér ekki þjónustu NSHÍ. Hún telur marga nemendur hreinlega of feimna til þess að leita til þeirra, haldi að sérúrræðin séu ekki fyrir þá eða nýtist þeim ekki. Svo eru alltaf einhverjir sem vilja fara í gegnum námið án hjálpar, vilja sanna að þeir þurfi engin sérúrræði.

3.4.6. Aðgengissetur Háskóla Íslands

Nýtt Aðgengissetur Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands var opnað á 3. hæð á Háskólatorgi árið 2007. Aðgengissetur skólans er vel tækjum búíð og vel nýtt af nemendum sem njóta sérúrræða í námi. Í setrinu er m.a. próftökuherbergi sem nýtist nemendum sem þurfa að notast við tölvu í prófum vegna lesblindu, sjónskerðingar eða hreyfihömlunar. Þar er einnig boðið upp á prófúrræði eins og leiðréttingarforrit, tölvutæk próf, lesið af þul og skjástækkun fyrir nemendur með dyslexíu, sjónskerta og hreyfihamlaða, hæðarstillanleg tölvuborð og próf á tölvu með ritara og sérhæfðu lyklaborði og stýripinna sem ætlað er hreyfihömluðum nemendum og setrið býr yfir blindraletursskjá fyrir sjónskerta.

Auk prófúrræðanna er vinnuaðstaða fyrir lesblinda, sjónskerta, hreyfihamlaða og blinda nemendur, auk þess sem setrið býður lesblindum og nemendum með skerta sjón að prófa sig áfram og þjálfar sig í notkun hugbúnaðar sem nýtist þeim í námi (Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, e.d.-g).

Ég spurði Ingunni út í Aðgengissetrið. Ingunn sagði að það væri vel tækjum búíð, bæði hvað varðar tölvur og annan búnað til hjálpar nemendum sem þurfa sérúrræði í námi.

Nemendur skólans sem gert hafa sérúrræðasamning hafa aðgang að þessari stofu eins og öðrum lesstofum skólans, þ.e að þeir geta fengið aðgang að því á kvöldin og um helgar með aðgangsslykli og nýtt sér setrið í verkefnum og próflestri sem og þeir taka próf þar. Nemendur á Menntavísindasviði eiga að hafa jafnan aðgang að setrinu á við aðra nemendur með sérúrræði.

3.4.7. Deild ábyrgð sérúrræða

Í skýrslu um málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands 2002-2006 kemur fram, í reglum um sértæk úrræði í námi, b-lið:

Að meginmarkmið reglnanna var að samhæfa vinnu og deila ábyrgð þeirra sem koma að framkvæmd úrræða. Þó N.H.Í. hafi yfirumsjón með málaflokknum geta flestir starfsmenn skólans komið með einum eða öðrum hætti að þjónustu við fatlaða stúdenta... (Háskóli Íslands, 2006).

Ég spurði þær Kristjönu og Ingunni út í þetta og hvernig þessi framkvæmd eigi að vera gerleg, þar sem allar skýrslur á Menntavísindasviði séu handvirkar og geymdar í möppum hjá námsráðgjafa. Kristjana segir að þetta sé býsna erfitt í framkvæmd, þar sem upplýsingar um nemendur séu ekki aðgengilegar öðru starfsfólki.

Aðspurð telur Ingunn þetta vera eitt af markmiðum námsráðgjafa, þ.e. að gera starfsfólk skólans meðvitað um réttindi fatlaðra. Telur hún erfitt að ætla að setja alla kennara inn í þessi málefni, þar sem sumir kennarar koma í skólann og kenna kannski bara eitt námskeið. Ingunn sér það helst fyrir sér að stjórnarsýslan tæki þetta að sér og það yrði hlutverk deildanna og starfsfólksins þar að upplýsa annað starfsfólk. Ingunn bendir þó á að háskólinn sé þátttakandi í norrænu samstarfsverkefni sem ber heitið D.E.R. Það er verkefni sem miðar að því að auka þekkingu starfsfólks á fólki með fötlun.

3.4.8. Greiningarsjóður stúdenta

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) starfrækir Greiningarsjóð fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika. Hlutverk sjóðsins er að koma til móts við kostnað nemenda sem þurfa að fara í greiningu vegna sértækra námsörðugleika. Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum; formanni Jafnréttisnefndar SHÍ, námsráðgjafa Háskóla Íslands og formanni SHÍ.

Árlega er leitað eftir fjárframlagi frá fyrirtækjum og félagasamtökum til þess að fjármagna sjóðinn, en hann má einnig fjármagna með gjöfum og framlögum sem honum kunna að berast. Styrkjum er úthlutað af sjóðsstjórn a.m.k. einu sinni á hvoru misseri og á að auglýsa væntanlega úthlutun í tölvupósti til allra nemenda Háskóla Íslands. Umsóknareyðublöð um styrki úr sjóðnum eiga að liggja fyrir á skrifstofu SHÍ og þau eiga að vera aðgengileg á heimasíðu SHÍ. Sjóðstjórn tilkynnir umsækjandanum um afgreiðslu umsóknar hans í tölvupósti, með tilgreindri fjárhæð styrksins sem og hvar megi vitja hans.

Nemandi sem hlýtur styrk úr Greiningarsjóði skal skila inn afriti af niðurstöðum greiningar um sértæka námsörðugleika, ásamt upplýsingum um framkvæmdaraðila greiningarinnar og afriti af reikningi hennar.

Allir nemendur Háskóla Íslands geta sótt um styrk, hafi þeir farið í greiningu vegna sértækra námsörðugleika og fengið niðurstöður hennar innan við ári frá styrktarumsókn. (Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, e.d.-h).

3.4.9. Talsmaður nemenda á Menntavísindasviði

Í samtali mínu við Júlíu Þorvaldsdóttur, fulltrúa nemenda á Menntavísindasviði, kom fram að Greiningarsjóður stúdenta sé allt of illa kynntur og ætti það einnig við um fleiri úrræði.

Júlía telur að í skólanum sé góður og mikill vilji, en það vanti upp á upplýsingaflæðið og aðgengi upplýsinganna sé allt of flókið.

Júlía telur að laga þurfi sérúrræðin. Henni finnst þau oft ekki nógu skilvirk, t.d eru allt of margir og ólíkir nemendur að taka próf í sérúrræðastofunum. Það sé kannski einn nemandi sem þarf að standa mikið upp, er mjög stressaður og gengur um stofuna. Með honum sé samt hafður hópur nemenda sem er að reyna að einbeita sér í prófinu. Það þarf að flokka nemendurna niður; lesblindir sem eru með svipuð úrræði hafðir sér, kvíðanemendur sér eða jafnvel einir o.s.frv.

Nýju lögín um málefni fatlaðra við Háskóla Íslands eiga að koma betur til móts við nemendur með fötlun og sérúrræði. Júlíu finnst lögín samt allt of loðin og of mikið af gráum svæðum í þeim. Það eru allt of víða undankomuleiðir sem skólinn getur skýlt sér á bak við. Ef úrræðin henta ekki þá er ekkert meira gert, þá er bara hægt að segja þetta virkar ekki, en við reyndum.

Aðspurð um það hvaða breytingar hún myndi vilja sjá, segir Júlía að fyrst og fremst vanti betri einstaklingsþjónustu, að hugtakið sérúrræði sé á einstaklingsgrundvelli. Nemendur þyrftu að fá aðstoðarmann í náminu sem bendi á úrræði sem nemandinn eigi rétt á.

Júlía vill einnig sjá heildstæðari og þéttari námskeið, ekki bara í upphafi annar og ekki í formi örnámskeiða. Hún nefnir prófkvíðanámskeið, lesblindunámskeið o.fl. sem væri bæði í kynningar- og fræðsluformi, bæði í orði og á borði. Nemandanum væri kynnt úrræðin og þau hjálpargögn sem eru í boði, þannig að hann geti líka bjargað sér sjálfur. Nemendur ættu að taka þátt í þessum námskeiðum, þannig að þeir væru líka að kynna það sem þeir hafa verið að nota og hefur nýst þeim vel, sem gæti hentað fyrir aðra nemendur sem þurfa á sömu sérúrræðunum að halda.

3.4.10. Breytingar á lögum Háskóla Íslands

Ég spurði Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúa skólans, um lög Háskóla Íslands og nýja stefnu Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hvort til standi að endurskoða lögín með stefnuna í huga. Arnar sagði að reglur háskólans verði vafalítið endurskoðaðar með hliðsjón af sáttmálanum, þegar búið er að fullgilda hann og breytingar hafa verið gerðar á lögum um málefni fatlaðra og annarra laga samhliða því.

Í viðtölunum við þá starfsmenn skólans, er koma að málefnum fatlaðra og nemenda með sértæka námserfiðleika, er ljóst að skólinn er allur að vilja gerður til þess að koma til móts við nemendurna. Ýmsar aðferðir eru farnar til þess að reyna að upplýsa nemendur um sérúrræðin og hvert þeir eigi að leita eftir þeim. Nemendur virðast misjafnlega duglegir við það að athuga

tölvupóst sinn sem virðist ein af ástæðunum fyrir því að sérúrræði fara fram hjá þeim. NSHÍ hefur stofnað „facebook“-síðu til þess að reyna að ná til þessara nemenda, árangur þess á eftir að koma í ljós þar sem síðan er nýlega stofnuð.

Þótt þau sérúrræði sem nemendur eiga rétt á, í kringum nám og próf, séu vel kynnt, þá eru önnur réttindi sem kynna má betur. Aðgengissetur skólans og Greiningasjóður stúdenta eru þar á meðal. Bæði þessi úrræði nýtast nemendum mjög vel en vitneskjan um þau virtist ekki hafa skilað sér til þeirra nemenda sem rætt var við.

Sérúrræðin sem skólinn býður upp á eru því ekki alltaf að gagnast sem skildi. Ég vil í því samhengi benda á sérúrræðastofur í prófum á Menntavísindasviði, þar sem margir nemendur eru að taka próf í einu, þvert á það sem á að vera. Þetta veldur því að rólegar aðstæður í prófi eru ekki til staðar. Þetta eru hlutir sem auðvelt er að laga og verða án efa lagfærðir fyrr en síðar.

4. Aðferðir og framkvæmd rannsókna

Hér á eftir mun ég kynna þær aðferðir sem ég notaði við rannsókn mína.

Markmið rannsóknarinnar er að skoða tvö af undirmarkmiðum verkefnisins:

- Hvernig eru stuðningsaðgerðirnar að nýtast nemendum?
- Hvaða úrbætur vilja nemendur sjá?

Til þess að svara þessum spurningum var viðtal tekið við fimm nemendur á Menntavísindasviði, sem búa við fötlun eða eiga við námsörðugleika að stríða, um sýn þeirra á stefnu skólans í málefnum fatlaðra og nemenda með sértæka námserfiðleika, þau úrræði sem í boði eru og þær breytingar sem nemendurnir vilja sjá.

4.1. Rannsóknaraðferð

Í rannsókn minni notast ég við eigindlega rannsóknaraðferð. Ég tók viðtöl við fimm nemendur í Háskóla Íslands um reynslu þeirra af sérúrræðum sem skólinn veitir þeim. Ég valdi eigindlega aðferð til þess að reynsla og skoðanir nemendanna fengju að njóta sín.

Á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar fóru eigindlegar rannsóknaraðferðir að hljóta viðurkenningu og ná athygli sem vísindalegar aðferðir í félagsvísindum. Áður hafði verið

notast við meginlegar aðferðir en þær þóttu ekki ná eins vel til ákveðinna minnihlutabjórðfélagshópa og eigindlegar aðferðir (Bogdan og Biklen, 1998; Sóley S. Bender, 2003).

Rannsakandinn er aðalrannsóknarverkfærið í eigindlegum rannsóknaraðferðum, sem er samheiti yfir fjölbreytta rannsóknarhefð. Eigindlegu rannsóknaraðferðina má rekja allt til þeirra kenninga og hugmynda að einstaklingurinn sé túlkandi veruleikans sem sé félagslega skapaður (Rannveig Traustadóttir, 1993).

Eigindlegar rannsóknaraðferðir horfa á daglega reynslu, merkingu fyrirbæra, hugtaka og atburða í lífi fólks. Öll sjónarhorn eru talin jafnmikilvæg og eru því rannsökuð. Gögn eru rík af lýsingum fólks (Bogdan og Biklen, 1998).

Markmið eigindlegra rannsókna er að skilja hluti út frá sjónarmiðum þátttakenda rannsóknarinnar, hvernig þeir upplifa sjálfa sig og aðstæður sínar, hvernig reynsla þeirra er og sjónarhorn á málefnum, en ekki að bera saman athafnir þeirra og viðhorf með tölulegum hætti (Rannveig Traustadóttir, 1993; Bogdan og Biklen, 1998).

Í upphafi er sett fram opin rannsóknarspurning sem getur svo þróast og breyst í rannsókninni. Hið skrifaða orð er mjög mikilvægt, því eigindlegar rannsóknir byggja á lýsandi gögnum. Það er mikilvægt að vitna í gögnin til þess að leggja áherslu á útkomu niðurstaðna. Þessari rannsóknaraðferð hefur því stundum verið lýst sem frásögubýggðri. Ferli rannsóknarinnar er ekki síður mikilvægt en niðurstöður hennar (Bogdan og Biklen, 1998).

Ókosturinn við þessa aðferð er sá að erfitt hefur reynst að staðla upplýsingar sem fram koma, því rannsóknarspurningarnar eru ekki uppbyggðar með tilbúnum stöðluðum valmöguleikum, heldur eiga þær að rannsaka upplifun fólks í öllum sínum margbreytileika. Sjónarhornið getur því þróast samhliða gagnaöflun, á meðan á framkvæmd rannsóknarinnar stendur, því stöðugt eru að bætast við nýjar upplýsingar (Bogdan og Biklen, 1998).

4.2. Eigindleg viðtöl

Eigindleg viðtöl voru tekin við fimm nemendur á Menntavísindasviði sem nýta sér sérúrræði í námi. Eigindleg viðtöl er algengasta aðferð eigindlegra rannsókna (Lichtman, 2006; Mason, 2002).

Tilgangur eigindlegra viðtala er söfnun upplýsinga frá viðmælendum um það efni sem verið er að rannsaka. Mikil fjölbreytni einkennir viðtölin. Algengast er að notast sé við hálfopin, óstöðluð viðtöl, þar sem rannsakandinn útbýr spurningar sem hann síðan styðst við í

viðtölunum. Þessi aðferð þykir góð leið til þess að svara spurningum rannsakandans og fá fram reynslu fólks. Viðtölin upplýsa um það hvað mikilvægt sé fyrir tiltekinn félagshóp, hvernig hann upplifi það sem verið er að rannsaka og hvaða merkingu hann leggi í rannsóknarefnið (Kvale, 1996; Mason, 2002).

Fyrirfram ákveðið umræðuefni einkennir djúpvíðtöl, en innihald samræðnanna er ekki fyrirfram ákveðið. Rannsakandinn hvetur viðmælendur sína til þess að tala um það sem máli skiptir fyrir rannsóknina, en gefur honum þó tækifæri til þess að tala út frá eigin sjónarhorni. Með þessu skapast ólík viðtöl á milli þátttakenda, þó viðfangsefnið sé það sama (Kvale, 1996).

Ég notaðist við þessa aðferð í rannsókn minni. Mér fannst hún henta vel, því að þar sækist rannsakandinn eftir reynslu og upplifun viðmælenda sinna og sýn þeirra á einstaka þætti er snúa að rannsókninni. Upplifun og reynsla viðmælendanna á að koma fram, en ekki reynsla og skoðanir rannsakandans (Lichtman, 2006).

Úrtak rannsóknarinnar voru fimm nemendur á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Fjórir af þessum nemendum stunduðu nám skólaárið 2009-2010 en einn útskrifaðist frá skólanum vorið 2009. Nemendurnir áttu allir rétt á sérúrræðum í námi vegna mismunandi fötlunar eða námsörðugleika. Einn nemandi var hreyfihamlaður, einn lesblindur, einn með athyglisbrest með ofvirkni, einn geðfatlaður og einn langveikur. Enginn heyrnarskertur né sjónskertur nemandi var við nám á Menntavísindasviði á þessum tíma.

Notast var við opnar spurningar í viðtölunum. Viðtalið við hvern og einn byggðist að öðru leyti á upplifun einstaklingsins af úrræðum og þjónustu og réði það mestu um það hvaða stefnu viðtalið tók. Spurningarnar voru útbúnar með hliðsjón af undirmarkmiðum verkefnisins, sem leitað var svara við. Spurningarnar sem leiddu rannsóknina voru:

- Hvernig fannst þér skólinn taka á móti þér við upphaf námsferils þíns?
- Vissir þú hvert þú ættir að leita eftir sérúrræðum í námi?
- Hvaða sérúrræðum átt þú rétt á?
- Hvernig finnst þér sérúrræðin vera að nýtast þér?
- Hvað myndir þú vilja sjá breytast í tengslum við sérúrræðin?
- Hvernig finnst þér aðgengi á Menntavísindasviðinu vera?

Hér að framan má sjá að eigindlegar rannsóknaraðferðir hentuðu verkefni mínu best, því reynsla, sjónarmið og þekking viðmælandans fær þar að njóta sín.

Ég ræddi við fimm einstaklinga um sýn þeirra á þeim sérúrræðum sem skólinn biði þeim upp á. Hvern einstakling hitti ég einu sinni, en hafði stundum samband við þá aftur símleiðis eða með tölvupósti ef fleiri hugmyndir eða spurningar vöknuðu.

Hagnýtt gildi rannsóknarinnar er að kanna hvernig þjónusta býr að baki þeim sérúrræðum sem Háskóli Íslands býður fötluðum nemendum og nemendum með sértæka námserfiðleika. Ég vildi kanna hvaða gildi liggi að baki úrræðunum og hvernig þau væru að nýtast nemendum. Von mín er sú að skólinn hafi verkefni þetta til hliðsjónar við endurskipulagningu sérúrræða en einnig að það geti upplýst nemendur um réttindi sín.

5. Niðurstöður

Hér verða kynntar niðurstöður rannsóknarinnar. Eftirfarandi þemu birtust við greiningu gagna:

- Upphaf náms.
- Vitneskja um úrræði.
- Sérúrræði sem nemendurnir eiga rétt á.
- Hvernig eru sérúrræðin að nýtast nemendum.
- Breytingar sem nemendur vilja sjá.
- Aðgengi á Menntavísindasviði.

Þótt nemendurnir sem ég ræddi við væru með mismunandi námserfiðleika, þá voru úrræðin mjög svipuð sem þeir áttu rétt á og nýttu sér. Flestir nemendurnir höfðu einhvern tíma nýtt sér sérúrræðin á skólagöngunni, fyrir utan einn sem hafði fengið úrræði hjá deildarstjóra deildarinnar sem hann stundaði nám við og kennurum sínum.

5.1. Upphaf náms

Nemendurnir sem ég ræddi við hófu allir nám í þáverandi Kennaraháskóla Íslands. Þá þurftu þeir aðeins að gera samning við upphaf skólagöngu, en það breyttist með samruna Kennaraháskólans og Háskóla Íslands. Eitthvað virðast skipulagsbreytingar hafa farið fram hjá nemendum, því enginn þeirra vissi að þeir þyrftu að skrifa undir samninginn í upphafi hvers námsárs eftir samrunann.

Einnig virtust gögn nemendanna hafa misfarist við samrunann, því að tveir af þessum nemendum þurftu að skila inn nýrri greiningu við endurnýjun samningsins. Annar þessara nemenda er með lesblindu og hefði hann því þurft að fara aftur í greiningu, sem er mjög svo kostnaðarsöm. Þessi tiltekni nemandi hætti að nýta sér þjónustu NSHÍ en var ennþá með vottorð um skönnun bóka sem hann hefur nýtt sér áfram.

Einn nemandi ætlaði fyrst að sækja um nám í Háskóla Íslands og fór á fund NSHÍ. Þar var honum boðið upp á glósuvin sem og aðstoðarmanneskju í 50% starfi. Nemandinn telur að aðstoðin sem háskólinn bauð honum hefði ekki nýst honum sem skyldi. Ef hann hefði nýtt hana er líklegt að hann væri löngu hættur í námi en staðreyndin er sú að hann er að útskrifast núna í vor.

Nemandinn gerir miklar kröfur til sín, vill ná góðum árangri, skila góðum verkefnum og fá háar einkunnir. Telur hann úrræði skólans ekki bjóða upp á þetta né þann námshraða sem hann ásetur sér.

Háskóli Íslands benti nemandanum einnig á það að dagskólanám þætti mjög erfitt fyrir „heilbrigðan“ einstakling þannig að hann þyrfti að hugsa sig vel um. Nemandanum fannst eins og það væri búið að stimpla sig fyrirfram og ákveða að hann gæti engan veginn stundað þetta nám og væri skólanum til vandræða.

Nemandinn ákvað eftir þetta að sækja um nám við Kennaraháskóla Íslands. Þar fékk hann mjög góðar viðtökur og var strax byrjað á að finna sem hentugastar lausnir á sérúrræðum fyrir hann. Um þetta leyti fékk nemandinn grænt ljós á ráðningu aðstoðarmanneskju til þess að aðstoða hann í daglegum athöfnum. Þessar aðstoðarmanneskjur hafa frá upphafi skólagöngu aðstoðað nemandann í náminu.

Nemandinn greiðir fyrir þessa þjónustu með peningum frá svæðisskrifstofunni og sveitarfélaginu sínu. Þetta eru peningar sem hann á rétt á en eiga í raun og veru að nýtast í aðra hluti, eins og t.d. liðveislu og heimilishjálp. Aðspurður finnst nemandanum að skólinn eigi að koma til móts við hann í þessari þjónustu, með því t.d. að borga hluta hennar, því skólinn ætti í raun að útvega sér aðstoðarmanneskju í náminu.

5.2. Vitneskja um úrræði

Fram kom að misjafnt var hvort nemendur vissu hvert þeir ættu að leita eftir sérúrræðum sínum. Einn nemandinn hafði það alveg á hreinu og hafði fengið sérúrræði frá grunnskóla og leitaði strax til Náms- og starfsráðgjafa. Einn hakaði við það í umsókninni að hann þyrfti á sérúrræðum að halda og leitaði svo eftir það til Vilborgar Jóhannsdóttur brautarstjóra

Þroskaþjálfabrautar og einum var bent á að leita til NSHÍ af kennara sínum. Tveir nemendanna höfðu ekki vitneskju um það að sérúrræði væru í boði í skólanum og einn vissi ekki að hann ætti rétt á þeim.

5.3. Sérúrræði sem nemendurnir eiga rétt á

Allir áttu nemendurnir rétt á sérúrræðum í námi. Þeir áttu rétt á lengri próftíma, próftöku í rólegum aðstæðum og skönnun bóka. Tveir nemendur fengu lengri tíma til þess að skila verkefnum og einn tók námið á lengri tíma en gengur og gerist. Annar nemandi var að fá það sérúrræði að fá að taka munnlegt próf í staðinn fyrir skriflegt og að fá verkefnavinnu á önninni meira metna en almennt tíðkast. Það var unnið í samstarfi við NSHÍ, kennara námskeiðsins og Vilborgu Jóhannsdóttur. Einn nemandi er með aðstoðarmenn á sínum snærum í náminu. Hann fær að taka próf á tölvu og þarf aðstoðarmanneskjan að svara fyrir hann á prófblöðin, t.d. í krossaprófum.

5.4. Hvernig eru sérúrræðin að nýtast nemendum?

Nemendum fannst öllum að sérúrræðin væru nauðsynleg en væru oft á tíðum ekki að nýtast sem skyldi, t.d. hafa tölvur ekki alltaf verið til staðar þegar í prófið er komið og stundum eru ekki réttu forritin í þeim.

Allir nýttu nemendurnir sér sérstofur og lengri próftíma að einhverju leyti í náminu.

Nemendum fannst sérstofan þó ekki alltaf besti kosturinn, því þar væru nemendur með alls kyns námsörðugleika í sömu stofu að taka mismunandi próf. Nemendur töluðu um að truflun væri af tölvupikki. Nemendur með prófkvíða hafa fengið kvíðaköst í stofunum og þeir fá leyfi til þess að standa upp og ganga um stofuna. Engin skilrúm eða afstúkun er fyrir hendi í stofunum og nemendur eru að taka mismunandi próf og því oft mikill umgangur í stofunni, t.d. frá kennurum faganna, þvert á það næði sem á að reyna að skapa.

Nemandi með A.D.H.D. hafði á orði:

Við truflun tekur það mig frá fimm upp í 15 mínútum að ná einbeitingu aftur.

Hvað glósuvini snertir, sem oftast eru bekkjarfélagar sem nemandinn ræðir oft á tíðum við sjálfur, segir hreyfihamlaði nemandinn:

Ég myndi upplifa mig uppáþrengjandi ef ég væri alltaf að biðja samnemendur um að glósa fyrir mig.

Þessi nemandi telur að með því úrræði væri hann upp á aðra nemendur kominn og ekki að stunda námið á sínum forsendum. Hefur hann því ekki leitað til samnemenda með að glósa fyrir sig.

Nemandi með lesblindu hafði á orði að án skönnunar myndi hann ekki að útskrifast:

Skönnunin og raddgervill sem ég notast við eru alveg nauðsynleg hjálpartæki fyrir mig í skólanum. Ég gæti ekki stundað nám mitt án þeirra.

Ég spurði nemandann um það hvort hann hefði sótt um styrk frá greiningasjóði stúdenta. Þá kom í ljós að hann vissi ekki um tilvist sjóðsins. Ég benti honum á að upplýsingar um það væru á netinu, en væru reyndar torsóttar, þar sem fyrst þyrfti að fara inn á síðu NSHÍ, þaðan að velja sérúrræði, velja dyslexíu og þar loksins væri tengill sem klikkað væri á til þess að fá þessar upplýsingar. Nemandanum fannst þetta óþarflega mikil flækja og sagði að þetta væri atriði sem þyrfti að kynna betur og gera aðgengilegra.

Nemandinn með hreyfihömlun á rétt á sérstofu, þar sem hann þarf að hafa mikil samskipti við aðstoðarmanneskju sína, sem svarar spurningum fyrir hann. Hann fékk eitt sinn sendan póst kvöldið fyrir próf um það hvort honum væri sama þó að tveir nemendur með A.D.H.D. tækju próf í sömu stofu og hann.

Nemandinn svaraði póstinum og sagðist ekki alveg geta séð hvernig það ætti að ganga, að nemendur sem þyrftu algjört næði til þess að ná einbeitingu ættu að taka próf í sömu stofu og hann sem þyrfti að hafa samskipti við aðstoðarmanneskju sína í gegnum allt prófið. Nemandinn fékk sérstofu í prófi daginn eftir.

Ég spurði nemendurna hvort þeir vissu af Aðgengissetrinu á Háskólatorgi og að þeir ættu rétt á að nýta sér það sem t.d. lesaðstöðu. Enginn nemendanna vissi af þessari þjónustu eða rétti sínum. Töldu flestir að þeir hefðu nýtt sér þessa þjónustu ef þeir hefðu vitað af henni. Ekki hafa allir nemendurnir gert kennurum sínum grein fyrir skerðingu sinni. Þeir segjast stundum vilja fara í gegnum námið án úrræða og reyna þannig að sanna sig. Það hafi gengið í einhverjum áföngum en ekki öllum.

5.5. Breytingar sem nemendur vilja sjá

Aðspurðir að því hvað nemendurnir myndu vilja sjá breytast, þá voru þeir allir sammála um það að breyta þurfi samningsfyrirkomulaginu, þannig að þeir þurfi aðeins að skrifa undir við upphaf skólagöngu.

Nemandinn með hreyfihömlun benti á það að með því að þurfa alltaf að vera að koma og skrifa undir samning ár hvert, þá fyndist honum hann alltaf þurfa að vera að staðfesta sig og að hann sé ekki viðurkenndur eins og hann er. Nemandinn telur að þetta væri öðruvísi ef einstaklingur væri með tímabundna skerðingu. Þá væri í lagi að þurfa að koma og skrifa undir aftur. Fötlun hans sjálfs sé aftur á móti ekki eitthvað sem breytist á milli anna.

Nemendur voru einnig allir sammála um að sú kvöð að þurfa að tilkynna sig fyrir öll próf sé óþarfa álag á prófatímanum. Þá þarf að lagfæra sérstofuúrræðið, því að nemendur voru sammála um að það gangi illa að skapa þessar rólegu aðstæður sem að er stefnt með núverandi fyrirkomulagi.

Hreyfihamlaði nemandinn lenti í því nú á miðri haustönn að þurfa að taka lokapróf í einum áfanga frammi á gangi. NSHÍ veitir ekki sérúrræði á miðri önn, heldur bara í prófum sem eru inni í próftöflu, nema kennari hafi frumkvæði að því að spyrja nemandann að því hvort hann eigi rétt á sérúrræði. Það er þá í höndum kennarans að útvega þær aðstæður sem nemandinn þarfnast. Gögn nemenda eru ekki opin kennurum og þurfa nemendur að biðja kennara um úrræðin. Stofur skólans eru mjög þétt setnar og því oft erfitt fyrir kennara að útvega sérstofur og lengri próftíma á miðri önn. Nemandanum fannst að ef NSHÍ gæti ekki veitt úrræði á miðri önn, þá eigi ekki að vera próf utan próftöflu.

Allir voru nemendurnir sammála um það að þeir vildu að einn starfsmaður sæi um málefni fatlaðra og nemenda sem þyrftu á sérúrræðum í námi að halda. Þessi starfsmaður kæmi á fundi með nemendum í upphafi náms og kynnti þeim réttindi sín. Nemendur gætu leitað til þessa starfsmanns með spurningar og eftir aðstoð ef við á. Þessi einstaklingur væri einhvers konar talsmaður fatlaðra nemenda og nemenda með sértæka námserfiðleika. Hann myndi halda utan um gögn nemendanna og sjá um að koma upplýsingum um námserfiðleika þeirra og sérúrræði til kennara í upphafi hvernar annar. Myndi þetta léttu undir með nemendum svo að þeir þyrftu ekki alltaf að vera að gera grein fyrir sér við kennara. Gætu þeir með þessu móti mætt í fyrsta tíma hvers námskeiðs á sömu forsendum og aðrir nemendur. Nemandi með geðröskun hafði á orði varðandi þetta:

Ég er að vinna í mínum málum, sem felst meðal annars í því að horfa til framtíðar. Það sem er að baki tilheyrir fortíðinni. Hún er ekki skemmtileg upprifjunar og því slæmt

fyrir mig að vera alltaf að endursegja sögu mína og erfiðleika henni tengdri fyrir kennurum í upphafi hvers námskeiðs.

Það myndi létta mikið undir með nemendum ef þeir myndu skrá sögu sína einu sinni í upphafi náms. Upplýsingarnar færu inn í tölvukerfi og nemandinn ræður því hvort kennarar hafi aðgang að þeim eða ekki. Ef nemandinn kys að kennarar hafi ekki aðgang að þessum gögnum, getur hann sjálfur látið þá vita, ef hann telur þörf á, vegna úrræða sem hann þarfnast.

Með bættu upplýsingaflæði og úrræðum nemenda á tölvutæku formi, þyrftu nemendur heldur ekki að gera grein fyrir sér í hverju prófi, heldur gætu mætt í próf eins og hver annar nemandi.

5.6. Aðgengi á Menntavísindasviði

Ég spurði nemandann með hreyfihömlunina um aðgengið í skólanum. Honum fannst aðgengið ekki vera gott í nýbyggingunni. Hann benti t.d. á það að lyftan sé mjög lítil og fundarsalirnir (Bratti og Skriða) séu óhentugir og útsýni þar afskaplega takmarkað fyrir fatlaðan einstakling. Nemandinn sagði m.a.:

Til að komast niður í fundarsalina og halda lokaerindi mitt, þarf ég að fara niður á jarðhæð, í gegnum bókasafnið, inn í geymslu og þaðan inn í salinn.

Nemandinn bendir einnig á að aðeins tvö bílastæði fyrir fatlaða séu við aðalinngang skólans.

Ekki er langt síðan hurðaropnari var settur á aðaldyr skólans. Hurðin er mjög stór og þung og opnast ekki alltaf, t.d. ekki ef það stendur mikið rok upp á hana. Hún er opin stutta stund í einu og slæst því yfirleitt í stólinn áður en nemandinn kemst inn. Fyrir innan aðaldyrnar er forstofa með hurð inn í skólann sjálfan og á þeirri hurð er enginn hurðaopnari. Nemandinn spyr:

Eru hreyfihamlaðir bara velkomnir í forstofu skólans?

Ábyrgð aðgengismála á háskólasvæðinu er í höndum Framkvæmda- og rekstrarsviðs (Háskóli Íslands, 2002). Samkvæmt skýrslu um málefni fatlaðra 2007-2009 hefur margt áunnist í aðgengismálum við skólann og fleiri endurbætur standa til. Í skýrslunni er þó ekkert minnst á Menntavísindasvið, hvorki úrbætur sem gerðar hafa verið né hvort einhverjar standi til (Auður Magndís Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds, 2010).

Eins og fram kemur hér að framan telja nemendur allir að sérúrræðin séu þeim nauðsynleg. Þó eru ýmsar breytingar sem nemendur vilja sjá. Nemendur voru allir sammála um það að þeir vildu sjá málefni sín fara undir svokallaðan talsmann fatlaða. Þessi talsmaður myndi sjá um málefni þeirra, halda utan um öll þeirra gögn og vera tengiliður á milli nemenda og kennara. Þetta myndi léttu undir með nemendum og gefa þeim tækifæri til þess að mæta í upphafi hvers námskeiðs á sömu forsendum og aðrir nemendur.

Sérúrræðastofur þarf að laga sem og að auglýsa betur öll úrræði sem nemendur eiga rétt á. Nemendur voru að öðru leyti ánægðir með þau úrræði sem þeir fengu. Aðgengismál að skólanum þarf þó að laga til muna og auðvelda hreyfihömluðum að komast án vandkvæða alla leiðina inn í skólann.

6. Umræða og samantekt

Þessi ritgerð fjallar um sérúrræði í námi fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námsferðileika við Háskóla Íslands.

Markmið verkefnisins var tvíþætt. Annars vegar var lögð áhersla á það að greina og varpa ljósi á þær stuðningsaðgerðir sem í boði eru fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námsörðugleika við Háskóla Íslands. Hins vegar að skoða gagnsemi stuðningsaðgerðanna fyrir nemendur.

Undirmerkið verkefnisins fólust í svörum við eftirfarandi spurningum:

- Hver eru þau hugmyndafræðilegu gildi er leggja grunn að stefnu um háskóla fyrir alla?
- Hvert er lögboðið hlutverk og ábyrgð Háskóla Íslands gagnvart fötluðum nemendum og nemendum með sértæka námsörðugleika?
- Hvernig fer framkvæmdin fram og hvaða stuðningsaðgerðir eru í boði?
- Hvernig eru stuðningsaðgerðirnar að nýtast nemendum?
- Hvaða úrbætur vilja nemendur sjá?

Hér verður leitast við að skoða niðurstöður rannsóknar í ljósi fræðilegrar greiningar.

6.1. Samantekt

Ljóst er að hér á landi hefur margt áunnist í réttindum fatlaðs fólks til almennrar samfélagsþátttöku á borð við menntun. Fjölmargar alþjóðlegar yfirlýsingar, lög, samningar og sáttmálar eru til sem segja að fötluðum skuli tryggð öll mannréttindi til jafns við aðra.

Í Stjórnarskrá Lýðveldis Íslands er jafn réttur allra einstaklinga tryggður sem og í lögum um málefni fatlaðra, sem einnig tryggja fötluðum umframþjónustu sem þeir kunna að þarfnast þegar þjónustuhörf þeirra er meiri en almennt segir til um.

Með Salamanca-yfirlýsingunni var stigið stórt skref í réttindabaráttu fatlaðs fólks til menntunar, því yfirlýsingin segir að skólum sé bannað að mismuna nemendum á grundvelli fötlunar eða annarra námserfiðleika. Nýr samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun frá árinu 2008, bíður þingfestingar hér á landi. Með honum mun margt breytast til batnaðar. Þar er fötluðum tryggð enn meiri réttindi en áður. Breyta þarf hinum ýmsu lögum og reglugerðum til þess að Ísland geti fullgilt samninginn og staðið við skilmála hans. M.a. lögum um málefni fatlaðra í heild sinni. Einnig er það lagt til að bann við mismunun á grundvelli fötlunar verði tryggt í Stjórnarskrá Íslands.

Með sérúrræðum í námi kemur Háskóli Íslands til móts við þá nemendur sem geta ekki vegna fötlunar sinnar, eða sértækra námserfiðleika, stundað nám á sömu forsendur og aðrir.

Skólinn hefur markað ýmis lög og stefnur til þess að koma til móts við minnihlutahópa innan háskólasamfélagsins, sbr. jafnréttisstefnu Háskóla Íslands, stefnu gegn mismunun, reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands, stefnu í málefnum fatlaðra við Háskóla Íslands og innan skólans er starfandi jafnréttisfulltrúi, Ráð um málefni fatlaðra og jafnréttisráð. Forráðamenn skólans er greinilega allir að vilja gerðir og vilja að skólinn sé í farabroddi í jafnréttismálum í samfélaginu.

Lög Háskóla Íslands eru samt á köflum mjög loðin og í þeim eru mjög mörg grá svæði sem skólinn getur skýlt sér á bak við ef t.d. úrræði í námi henta ekki nemandanum. Þannig segir t.d. í lögum um sértæk úrræði í Námi við Háskóla Íslands nr. 497/2002 – 8 gr. að í undantekningartilvikum geti háskólinn synjað nemandanum um sérúrræði ef hann telur námið of erfitt fyrir nemandann, ef aðstoðarmanneskja fæst ekki til starfa, eða ef ekki er hægt að útvega þau úrræði sem nemandinn þarfnast. Skólinn hefur því í raun og veru vald til þess að neita nemandanum um skólavist sökum fötlunar hans og getur ákveðið að nám sem nemandinn hyggst stunda sé of erfitt fyrir hann. Skólinn þyrfti að endurskoða 8. gr. reglna um sérúrræði í námi og leyfa nemendum að spreyta sig áður en þeim er vísað frá.

Háskólanum er samkvæmt lögum skylt að tryggja að byggingar skólans séu aðgengilegar fyrir hreyfihamlaða. Eins og fram hefur komið er aðalbygging Menntavísindasviðs varla aðgengileg hreyfihömluðum nemendum. Aðeins er hægt að komast með í forstofu hússins með sæmilegu móti. Skólinn á að tryggja að upplýsingar um þjónustu fyrir fatlaða séu aðgengilegar en er ekki raunin, því upplýsingar um þau úrræði sem nemendur eiga rétt á eru oft illa finnanleg á vef skólans. Í úttekt á vef skólans sem gerð var árið 2009 fékk aðgengisþáttur síðunnar aðeins 40 stig af 100 mögulegum.

Sérúrræði sem nemendur njóta eru nokkuð vel kynnt. NSHÍ sendir tölvupósta til allra nemenda skólans og bendir þeim á að hafa samband ef þeir þurfi á sérúrræðum í námi að halda. Prófstjóri sendir póst til nemenda á Menntavísindasviði til þess að minna á skráningu í próf og stofnuð hefur verið „Facebook“ síða til þess að reyna að ná til nemenda. NSHÍ er því öll að vilja gerð til þess að reyna að koma upplýsingum um sérúrræði og námskeið á framfæri við nemendur.

Ýmis réttindi virðast þó fara forgörðum og er upplýsingaflæði um þau ábótavant. Eins og t.d. upplýsingar um það að með sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, þurfi nemendur sem voru með námssamning um sérúrræði að fara að skrá sig í upphafi hvers árs. Þá eru réttindi til þess að nota aðgengissetur skólans illa kynnt sem og greiningarsjóður stúdenta. Þeir nemendur sem ég ræddi við vissu t.d. ekki um þessi réttindi.

Rólegar aðstæður í prófum er eitt af þeim sérúrræðunum sem skólinn á að bjóða upp á. Samkvæmt bæklingi ráðs um málefni fatlaðra frá 2005 er þar átt við rólegar aðstæður þar sem fimm nemendur taka próf saman hverju sinni. Þar eiga nemendur að geta stúkað sig af til þess að ná sem bestri einbeitingu.

Raunin er sú að sérúrræðastofur á Menntavísindasviði eru tvær og eru í þessum „rólegu“ aðstæðum allt að 20 nemendur að þreyta próf hverju sinni, engin skilrúm eru fyrir hendi í stofunum og nemendur með ólíka námsörðuleika og í ólíkum fögum eru saman í stofum. Þar ríkir því oft á tíðum mikil ringulreið; kennarar eru að koma og fara og nemendur að pikka á tölvur. Þar eru saman í stofum nemendur með kvíðaraskanir og nemendur með athyglisbrest sem fer engan veginn saman.

Eins og fram kemur hér að framan telja nemendur allir að sérúrræðin séu þeim nauðsynleg. Þó eru ýmsar breytingar sem nemendur vilja sjá. Nemendur voru allir sammála um það að þeir vildu sjá málefni sín fara undir svokallaðan talsmann fatlaða. Þessi talsmaður myndi sjá um málefni þeirra, halda utan um öll þeirra gögn og vera tengiliður á milli nemenda og kennara. Þetta myndi léttu undir með nemendum og gefa þeim tækifæri til þess að mæta í upphaf hvers námskeiðs á sömu forsendum og aðrir nemendur.

Sérúrræðastofur þarf að laga sem og að auglýsa betur öll úrræði sem nemendur eiga rétt á. Að öðru leyti voru nemendur þó ánægðir með flest þau úrræði sem þeir fengu. Aðgengismál að skólanum þarf þó að laga til muna og greiða leið hreyfihamlaðra inn í skólabyggingar.

6.2. Tillögur til úrbóta

- Til að sérúrræði Háskóla Íslands virki sem best, þarf fyrst og fremst koma gögnum nemenda í tölvutækt form. Með því myndi t.d. tilkynningarskylda nemenda fyrir próf falla niður.
- Kynna þarf sérúrræðin betur fyrir nemendum í upphafi skólagöngu þeirra og það þarf að einstaklingsmiða þjónustuna.
- Ég tel þörf á því að þjónustan við fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námsörðugleika, fari undir einn aðila sem einbeitt sér eingöngu að þessum nemendum, svonefndan talsmann fatlaðra nemenda og nemenda með sértæka námserfiðleika. Þessi talsmaður myndi í upphafi skólagöngu kynna þjónustu sína og koma á fundi við þá sem þess óskuðu. Hann kynnti nemendum hvaða rétt þeir ættu til sérúrræða, héldi utan um öll gögn þeirra og væri tengiliður við kennara með þeim hætti að hann sæi um að upplýsa kennara um námsörðugleika nemandans.
- Námstækninámskeiðin þarf að útfæra þannig að nemandanum séu kynnt réttindi sín og þau úrræði sem í boði eru fyrir hann. Jafnframt þarf að kenna nemandanum að nýta sér þessi úrræði sem gerir hann sjálfstæðari innan skólans og ekki eins háðan öðrum um úrræðaveitinguna.
- Nauðsynlegt er að fjölga sérúrræðaprófstofum. Þörf er á því að hafa skilrúm sem nemendur geta stúkað sig af með og skipta nemendum niður eftir úrræðum sem þeir þarfnast. Nemendur sem taka próf á tölvu verða þannig saman í stofu, kvíðanemendur saman eða helst einir í stofu, nemendur sem þurfa hvíld í prófi hafðir saman og lesblindir nemendur saman.
- Hvað aðgengi á aðalbyggingu Menntavísindasviðs varðar, þá verður við fyrsta mögulega tækifæri að útvega hurðaopnara á innri dyr aðalinngangsins, til þess að hægt sé að bjóða hreyfihamlaða nemendur velkomna inn í skólann, ekki bara í forstofuna.

Verið er að skera niður fjármagn til háskólans á sama tíma og skólinn er að stækka gríðarlega, bæði vegna sameiningar við KHÍ og vegna aukinnar aðsóknar. Með fjölgun nemenda í námi,

fjölgar þeim nemendum sem þurfa sértæk úrræði í námi. Mikilvægt er því að tryggja að fjármunum verði varið í málaflokk fatlaðs fólks við skólann (Auður Magnús Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds, 2010).

Háskóli Íslands er greinilega allur að vilja gerður til þess að sinna vel fötluðum nemendum og nemendum með sértaka námserfiðleika. Ég hef fulla trú á því að aðgengismál og önnur mál er snerta sérúrræði nemenda í námi verði löguð. Ég tel því að spurningin snúist ekki um það hvort úrbætur verða gerðar, heldur hvenær.

6.3. Lokaorð

Þó Háskóli Íslands sé búinn að þróa góðar reglur í málefnum fatlaðra og varðandi sérúrræði í námi, þá þarf að móta verklagsreglur og bæta upplýsingaflæði um sérúrræði. Þó að tölvupóstur um námskeið og þjónustu Náms- og starfsráðgjafar sé nú sendur þrisvar á ári, þá eru ýmis önnur réttindi sem ekki eru vel kynnt, eins og t.d. aðgengissetrið á Háskólatorgi og greiningarsjóður stúdenta.

Nemendurnir voru nokkuð ánægðir með þau úrræði sem í boði voru, en þau nýttust ekki sem skyldi því ekki var hægt að þjóna vel þeim fjölda sem þurfti sérúrræði. Það kom t.d. glöggt fram í prófstofunum sem áttu að skapa rólegar aðstæður. Þar voru aðstæður allt annað en rólegar vegna of mikils fjölda og ólíkra þarfa nemenda í prófum.

Gögn Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands á Menntavísindasviði eru enn ekki komin á tölvutækt form og það gerir nemendum erfiðara fyrir. Nú þurfa þeir helst að gera sérstaka grein fyrir sér fyrir öll próf, en þess þyrfti ekki með ef öll gögn um þá væru í tölvukerfi eins og það er á Háskólatorgi. Einnig tel ég að það yrði til mikilla bóta ef málefni fatlaðra og nemenda með sértaka námserfiðleika færu undir einn aðila sem væri talsmaður þessara nemenda, veitti þeim upplýsingar um úrræði sem og fylgdi þeim eftir. Sérúrræðin yrðu þá miklu skilvirkara og einstaklingsmiðaðri. Talsmaðurinn gæti einbeitt sér að því að liðsinna fötluðum nemendum og það myndi einnig léttu mjög starf Náms- og starfsráðgjafar skólans.

Heimildaskrá

Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Samþykktur á allsherjarþingi S.þ. 16 .desember 1966. Stjórnartíðindi C10/1979

Andri Valgeirsson. (2010). Áætlun um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. *Sjálfsbjörg Landssamband fatlaðra*. Sótt 21. mars. 2010 af <http://www.sjalfsbjorg.is/> .

Auður Magnús Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds. (2010). *Málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands 2007-2009*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Auður Magnús Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Friðrik H. Jónsson. (2009). *Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2003-2007*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ásta Egilsdóttir og Borghildur Birgisdóttir. (2004). *Skóli án aðgreiningar*. Sótt 26. Febrúar. 2008 af http://www.aknet.is/grundaskoli/ASTA%20EGILS/fjolfreyttar/skoli_an_adgreiningar.htm.

Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (1998). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods* (3. útgáfa). Bandaríkin: Allyn and Bacon.

Brynhildur G. Flóvenz. (2004). *Réttarstaða fatlaðra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Erla Hulda Halldórsdóttir. (2004). *Staða og þróun jafnréttismála 1997-2002*. Reykjavík: Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.

Erna Árnadóttir. (e.d.). *Ráðstefna menntamálaráðuneytisins um ýmis málefni barna og unglunga með sérþarfir - Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. Sótt 26. febrúar. 2008 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgefin-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/2166> .

Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2008). *Vinna hafin vegna fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun*. Sótt 20. febrúar 2010 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3699> .

Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2010). *Tillögur nefndar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. Sótt 21. mars 2010 af [Tillögur nefndar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks](#) .

Fundargerð ráðs um málefni fatlaðra, nr. 34/2009

Gestur Guðmundsson. (2007). *Inngangur að félagsfræði menntunar*. Væntanlegt, Reykjavík.

Háskóli Íslands. (2005 - a). *Háskóli fyrir alla. Aðgengi og úrræði við Háskóla Íslands*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Háskóli Íslands. (2005 - b). *Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun*. Sótt 24. febrúar 2010 af http://www.hi.is/is/skolinn/stefna_haskola_islands_gegn_mismunun_0 .

Háskóli Íslands. (2006). *Málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands 2002-2006*. Ráð um málefni fatlaðra. Sótt 20. febrúar. 2010 af http://www.hi.is/files/skjol/stjornsysla/Malefni_fatladra_2002-2006_Skyrsla.pdf .

Háskóli Íslands. (2007). *Jafnréttisnefnd*. Sótt 24. mars 2010 af <http://www.hi.is/is/skolinn/jafnrettisnefnd> .

Háskóli Íslands. (2009). *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2009-2013*. Sótt 24. mars. 2010 af <http://www.hi.is/is/skolinn/jafnrettisaaetlun> .

Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands. (e.d.). *Diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun*. Sótt 6. október 2009 af <http://sameining.khi.is/?q=node/49> .

Háskóli Íslands. (e.d. - a). *Menntavísindasvið*. Sótt 27. mars 2010 af http://www.hi.is/is/menntavisindasvid/forsida_menntavisindasvids .

Háskóli Íslands. (e.d. - b). *Menntavísindasvið, íþróttá-, tómstund- og þroskaþjálfabraut. Starfstengt diplómanám.* Sótt 6. október. 2009 af http://www.hi.is/is/menntavísindasvið_deildir/ithrotta_tomstunda_og_þroskaþjálfadeild/nám_starfstengt_diplomanám_fyrir_folk_med_þroskahömlun.

Háskóli Íslands. (e.d. – c). *Greinargerð með stefnu gegn mismunum.* Sótt 20. febrúar 2010 af http://www.hi.is/is/skolinn/greinargerð_med_stefnu_gegn_mismunum.

Kvale, S. (1996). *InterViews. An introduction to qualitative research interviewing.* California: Sage.

Lichtman M. (2006). *Qualitative Research in Education: User's guide.* Bandaríkin: SAGE Publication Inc.

Lög um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, með síðari breytingum (14. sammingsviðauki) (1948).

Lög um Háskóla Íslands nr. 41/1999.

Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

Manía (e.d.). *Heimasíða Maníu.* Sótt 2. apríl 2010 af <http://mania.is>.

Margrét Margeirsdóttir (2001). *Fötlun og samfélag.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Mason J. (2002). *Qualitative Researching* (2. útgáfa). London: SAGE Publication Inc.

Menntamálaráðuneytið. (1994). *Salamanca-yfirlýsingin.* Sótt 20. febrúar. 2010 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgefin-ritogskyrslur/HTMLrit/nr/2137>.

Menntamálaráðuneytið. (1998). *Enn betri skóli: Þeirra réttur – okkar skylda, grundvöllur endurskoðunar aðalnámskráa.* Sótt 18. mars 2010 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Utgefid/ennbetr2.pdf.

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. (e.d. – a). *Sérúrræði - Dyslexía/lesblinda*. Sótt 30. mars 2010 af http://www2.hi.is/page/namsradgjof_dyslexia.

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. (e.d. – b). *Sérúrræði - Hreyfihömlun*. Sótt 30. mars. 2010 af http://www2.hi.is/page/namsradgjof_hreyfihomlun

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. (e.d. – c). *Sérúrræði – Taugasálfræðileg vandamál*. Sótt 30. mars 2010 af http://www2.hi.is/page/namsradgjof_taugasalfrlvandam

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. (e.d. –d). *Sérúrræði - sálræn vandkvæði*. Sótt 30. mars 2010 af http://www2.hi.is/page/namsradgjof_salraenvandkv .

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. (e.d. –e). *Sérúrræði – langvarandi veikindi*. Sótt 30. mars 2010 af http://www2.hi.is/page/namsradgjof_langvveik

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. (e.d. –f). *Sérúrræði –Evrópskir háskólar- HEAG*. Sótt 30. mars. 2010 af http://www2.hi.is/page/namsradgjof_heag .

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. (e.d. –g). *Sérúrræði – Aðgengissetur NSHÍ*. Sótt 30. mars 2010 af http://www2.hi.is/page/namsradgjof_adgengissetur.

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. (e.d. –h). *Sérúrræði – Dyslexía/lesblinda - Lög um Greiningarsjóð fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika*. Sótt 30. mars. 2010 af <http://www2.hi.is/page/Greiningasjodur> .

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. (e.d. - i). *Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands*. Sótt 28. febrúar 2010 af <http://www2.hi.is/page/namsradgjofHI> .

Páll Skúlason. 1999. *Málfundur um jafnvægi kennslu og rannsókna í Háskóla Íslands*. Sótt 7. apríl 2010 af: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=496682

Rannveig Traustadóttir (1993). *Könnun á atvinnuhögum nemenda brautskráðum frá starfsdeild Öskjuhlíðarskóla*. Reykjavík: Landssamtökin Þroskahjálp.

Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands nr. 497/2002.

Samningur um rétt fólks með fötlun. Tók gildi 3. maí 2008.

Unnið er að fullgildingunni á Íslandi.

Sjálfstjórn Landssambands fatlaðra (e.d.) *Samningur SP um réttindi fólks með fötlun.* Sótt 20. mars 2010 af http://www.sjalfsbjorg.is/index.php?option=com_content&view=article&id=93&Itemid=91.

Skyn (e.d.). *Heimasíða Skyn.* Sótt 2. apríl af <http://skyn.is>.

Sóley S. Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræðum og rannsóknum í heilbrigðisvísindum.* Akureyri: Háskólinn Akureyri.

Starfshópur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir (2006). *Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir.* Sótt 19. febrúar 2010 af <http://www.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1009532/Verklag+um+%C3%BArr%C3%A6%C3%BOi+fyrir+f%C3%B3lk+me%C3%BO+ge%C3%BORaskanir.pdf>

Stjórnarráð Íslands (e.d.). *Mat á aðgengi – opinberar stofnanir.* Sótt 16. febrúar 2010 af http://www.ut.is/frameset/go.jsp?url=http://www.hagstofa.is/HOST/dialog/varval.asp%3Fma=FOR01340%26path=./database/forsaetisraduneyti/for09_2/%26lang=3%26ti=Mat+%25E1+a%25F0gengi.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 33/1944.

Stjórnaskipunarlæg nr. 97/1995.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Viðauki

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands
Háskólatorgi, 3. hæð
Sími: 525-4315

Samkomulag um námsúrræði við Háskóla Íslands - fyrir háskólaárið 2009 – 2010 -

- Samkomulagið er gert á grundvelli reglna nr. 497/2002, um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands.
- Samkomulagið er háð áreiðanleika fyrirliggjandi upplýsinga og mati á þörf fyrir tiltekin úrræði.
- Um endurskoðun samkomulagsins gilda ákvæði 13. gr. framangreindra reglna.
- Undirritaður veitir Háskóla Íslands leyfi til að halda upplýsingum sammingsins til haga enda tryggir það besta þjónustu.
- Trúnaður er lykilatriði og því er öll meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og reglur Háskóla Íslands.

Nafn nemanda: _____ kt: _____
Sími: _____ GSM: _____ Netfang: _____
Svið/Námsgrein: _____

Úrræði vegna: _____

Nafn sérfræðings: _____

Nafn náms- og starfsráðgjafa: _____

Faglegt mat náms- og starfsráðgjafa á úrræðum sem nemandi þarf til að stunda fyrirhugað nám: _____

Samning þennan ber að endurnýja sem fyrst í byrjun hvers skólaárs. Það er á ábyrgð nemanda að endurnýja samning um námsúrræði. Síðasti frestur til endurnýjunar er á haustmíssi 19. nóvember og á vormíssi 10. apríl.

Við árlega endurnýjun sammings fer ávallt fram mat hvað varðar árangur fyrri úrræða.

NSHÍ ábyrgist úrræði í prófum sem haldin eru á vegum prófstjóra svo sem í desember og maí. NSHÍ ábyrgist ekki úrræði í prófum (t.d. hlutapróf eða heimapróf) sem haldin eru á miðju míssi á vegum kennara. Í slíkum prófum leita nemendur sjálfir til kennara.

Til að unnt sé að veita þér úrræði er nauðsynlegt að þú veitir starfsfólki NSHÍ leyfi til að sækja upplýsingar um námsferil þinn í Nemendaskrárkerfi HÍ með undirskrift þessa samkomulags.

Ég staðfesti hér með að ég hef kynnt mér reglur Háskóla Íslands um sértæk úrræði í námi og staðfesti innihald þessa samkomulags með undirskrift minni:

Reykjavík, _____ Undirskrift nemanda: _____
dagsetning

Samþykkt f.h. Háskóla Íslands (ráðgjafi): _____

Þarf samþykki deildar/kennara

Samþykki deildar/kennara: _____